



ÁRSSKÝRSLA



ÍÞRÓTTA- OG  
ÓLYMPÍUSAMBAND  
ÍSLANDS

# Sambandsaðilar ÍSÍ

## Íþróttahéruð ÍSÍ

	Héraðssambandið Hrafna-Flóki
	Héraðssamband Bolungarvíkur
	Héraðssamband Snæfellsness- og Hnappadalssýslu
	Héraðssambandið Skarphéðinn
	Héraðssamband Strandamanna
	Héraðssamband Vestfirðinga
	Héraðssamband Þingeyinga
	Íþróttabandalag Akraness
	Íþróttabandalag Akureyrar
	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
	Íþróttabandalag Reykjanessbæjar
	Íþróttabandalag Reykjavíkur
	Íþróttabandalag Vestmannaeyja
	Íþróttabandalag Suðurnesja
	Ungmennasamband Dalamanna og N-Breiðfirðinga
	Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands
	Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar
	Ungmennasamband Borgarfjarðar
	Ungmennasamband Eyjafjarðar
	Ungmennasamband Kjalarnessþings
	Ungmennasamband Skagafjarðar
	Ungmennasamband A-Húnavetninga
	Ungmennasambandið Úlfjótur
	Ungmennasamband V-Húnavetninga
	Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu

## Sérsambönd ÍSÍ

	Badminton samband Íslands
	Blaksamband Íslands
	Borðtennissamband Íslands
	Dansíþróttasamband Íslands
	Fimleikasamband Íslands
	Frjálsíþróttasamband Íslands
	Glímusamband Íslands
	Golfsamband Íslands
	Handknattleikssamband Íslands
	Íshökkísamband Íslands
	Íþróttasamband fatlaðra
	Júdósamband Íslands
	Karatesamband Íslands
	Keilusamband Íslands
	Knattspyrnusamband Íslands
	Kraftlyftingasamband Íslands
	Körfuknattleikssamband Íslands
	Landsamband hestamannafélaga
	Lyftingasamband Íslands
	Mótorhjóla- og snjósleðiíþróttasamband Íslands
	Siglingasamband Íslands
	Skautasamband Íslands
	Skíðasamband Íslands
	Skotíþróttasamband Íslands
	Skyllingasamband Íslands
	Sandsamband Íslands
	Taekwondosamband Íslands
	Tennissamband Íslands

# Efnisyfirlit

Íþróttahreyfingin – órjúfanlegur hluti þjóðarinnar . . . . .	2	Getspá – Getraunir:	
Framkvæmdastjórn ÍSÍ . . . . .	4	Hornsteinn í fjármögnun íþróttastarfs á Íslandi . . . . .	34
Varastjórn ÍSÍ . . . . .	7	Fjárframlög frá Alþingi til íþróttahreyfingarinnar . . . . .	35
Dómsmál . . . . .	7	Afrekssjóður ÍSÍ . . . . .	35
Laganefnd ÍSÍ . . . . .	7	Verkefnasjóður . . . . .	35
Skrifstofa ÍSÍ . . . . .	8	Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna	36
Nefndir ÍSÍ . . . . .	9	Ímyndarkönnun . . . . .	36
Þríþrautarnefnd ÍSÍ endurvakin . . . . .	9	Fyrirmyndarfélag ÍSÍ . . . . .	37
Heiðursráð ÍSÍ . . . . .	9	Fræðslumál . . . . .	37
Sameining íþróttahéraða . . . . .	9	Fjarnám á 1. og 2. stigi ÍSÍ í þjálfaramenntun . . . . .	37
Formannafundur ÍSÍ . . . . .	10	Þjálfaramenntun sérsambanda . . . . .	37
Þingskipaðir vinnuhópar . . . . .	10	Samstarf við menntastofnanir . . . . .	37
Heiðranir . . . . .	11	Forvarnardagurinn . . . . .	38
Heiðrun Íþróttasambands Færeyja . . . . .	12	Áttavitinn . . . . .	38
Heiðrun Evrópusambands ólympíunefnda (EOC) . . . . .	12	Viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum . . . . .	38
Úttekt á starfsemi ÍSÍ . . . . .	13	Útgáfumál . . . . .	39
Heimsóknir . . . . .	14	Alþjóða Ólympíuakademían . . . . .	39
Erlend samskipti . . . . .	16	Norrænar skólaíþróttir . . . . .	39
Vetraríþróttahátíð ÍSÍ 2010 . . . . .	17	Skólahreysti . . . . .	39
Starfsemi Samtaka íslenskra ólympíufara . . . . .	17	Ráðstefnur . . . . .	40
Vörumerkjastaðall ÍSÍ . . . . .	17	Hádegisfundir ÍSÍ . . . . .	40
Samráðsfundur með mennta- og menningarmálaráðherra . . . . .	18	Íþróttasálfræðiráðstefna ÍSÍ og HR . . . . .	40
Starfsskýrslur ÍSÍ . . . . .	18	Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ . . . . .	41
Handbók ÍSÍ . . . . .	18	Lífshlaupið . . . . .	42
Íþróttamiðstöðin í Laugardal . . . . .	19	ÍSÍ og Sjóvá hafa undirritað nýjan samstarfssamning um Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ . . . . .	42
Styttan af Gísla Halldórssyni flutt . . . . .	20	Ísland á iði . . . . .	42
Samstarf við Flugfélag Íslands . . . . .	20	Hjólað í vinnuna – vinsælt verkefni . . . . .	43
Samstarf ÍSÍ og Vinnumálastofnunar . . . . .	21	Göngum í skólann . . . . .	43
Icelandair verður miðasöluaðili á Íslandi fyrir Ólympíuleikana í London . . . . .	22	Nefnd um íþróttir 60+ . . . . .	44
Ólympíusamhjálpin . . . . .	23	Alþjóðadagur hreyfingar 2010 – samgönguhjólreiðar . . . . .	44
Samstarf við Vodafone . . . . .	23	Líkamsæfingar fyrir fólk á besta aldri – endurútgáfa . . . . .	44
Ólympíudagurinn . . . . .	24	Samstarf við Háskólann í Reykjavík . . . . .	45
Frímerki . . . . .	24	Stafganga . . . . .	45
Myndavefur ÍSÍ . . . . .	25	Heilsuefling og forvarnir í framhaldsskólum . . . . .	45
Tölvumál . . . . .	25	Vetrarólympíuleikar – Vancouver 2010 . . . . .	46
Heimasíða ÍSÍ . . . . .	25	Ólympíuleikar – London 2012 . . . . .	47
Felix . . . . .	26	Vetrarólympíuleikar ungmenna – Innsbruck 2012 . . . . .	47
Íþróttamannvirki . . . . .	26	Smáþjóðaleikar 2009 . . . . .	48
Þátttaka í íþróttahreyfingunni – 2009 . . . . .	26	Sumarólympíuhátíð – Tampere 2009 . . . . .	49
Netbókhalð . . . . .	26	Vetrarólympíuhátíð – Liberec 2011 . . . . .	50
Lyfjaeftirlit ÍSÍ . . . . .	27	Ólympíuleikar ungmenna – Singapore 2010 . . . . .	51
100 ára afmæli ÍSÍ . . . . .	28	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2009 . . . . .	52
Hóf íþróttamanns ársins . . . . .	29	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2010 . . . . .	54
Málþing um Afreksstefnu ÍSÍ . . . . .	30	Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands Ársreikningur 2010 . . . . .	57
Samstarf við Ólympíufjölskyldu ÍSÍ . . . . .	31		
Afreksskennasjóður Íslandsbanka og ÍSÍ . . . . .	31		
Ferðasjóður íþróttafélaga . . . . .	32		
ÍSÍ fréttir - vefrit . . . . .	32		
Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa . . . . .	33		
Styrkur til sérsambanda . . . . .	33		



Ólafur E. Rafnsson, forseti ÍSÍ

## Íþróttahreyfingin – órjúfanlegur hluti þjóðarinnar

Framundan er Íþróttáþing, hið sjötugasta í röðinni. Það er með nokkru stolti sem ég leyfi mér að fylgja hér úr hlaði skýrslu framkvæmdastjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands fyrir það tveggja ára kjörtímabil sem nú er að líða. Skýrslan endurspeglar viðamikl og fjölbreytt starf þessarar langstærstu fjölda- og grasrótahreyfingar landsins – starf sem unnið er að stóru leyti í sjálfboðavinnu af stórum hluta íslensku þjóðarinnar. Líklega hefur hreyfingin sjaldan starfað undir jafn krefjandi fjárhagslegu umhverfi og undanfarin misseri. Að baki er afar viðburðarríkt, og að mörgu leyti erfitt, kjörtímabil, sem einkennst hefur af miklum niðurskurði á tekjustofnum hreyfingarinnar, og afar takmörkuðum úrræðum til að efla hið íþróttalega starf sem er markmið hreyfingarinnar. Það hefur verið aðdáunarvert að fylgjast með starfsemi okkar sambandsaðila og íþróttafélaga undir þeim erfiðu kringumstæðum. En þrátt fyrir að menn hafi sýnt mikla

ábyrgð og dugnað þá verður vart harðar gengið fram í niðurskurði án þess að varanleg skörð verði höggvinn í framtíðaruppbyggingu íþróttastarfsemi á Íslandi. Á það í senn við samfellu afreksstarfs jafnt sem hið viðamikla og samfélagslega verðmæta æskulýðs- og unglingsstarfs í grasrót íþróttahreyfingarinnar um allt land. Fjárhagslegur ávinningur er hvergi markmið starfsins, heldur er öflun fjár tæki til að ná íþróttalegum markmiðum. Niðurskurður íþróttalegra verkefna í þágu fjárhagslegrar hagræðingar er því engan veginn ásættanlegt til lengri tíma. En þrátt fyrir þetta hefur uppskera víða verið rík. Nýir afrekshópar hafa náð áður óþekktum hæðum alþjóðlegs árangurs. Hefur þar farið saman góð uppbygging íþróttamannvirkja við öflugan starfsemi íþróttafélaga og sambandsaðila. Stóru áfangarnir hafa ekki síður verið fólgnir í aukningu starfsins með fleiri iðkendum, nýjum íþróttagreinum og aukinni þátttöku almennings í íþróttastarfi

og hreyfingu. Að þjóðinni steðja sívaxandi vandamál í formi skertrar heilsu þjóðarinnar og aukningu lífstillssjúkdóma sem unnt er að halda verulega í skefjum með hollri hreyfingu og ástundun íþróttar. Er varlegt að áætla að íþróttahreyfingin spari samfélaginu býsna marga milljarða á þeim vettvangi á hverju ári. Það er býsna mikilvægt að mínu mati að hinu pýramídalagaða stjórnskipulagi hreyfingarinnar sé haldið saman, og virðing borin fyrir öllum þáttum. Við þurfum á afreksfólki og fyrirmyndum að halda til þess að fá bæði æsku landsins – sem og allan almenning – til að iðka íþróttir, og með sama hætti þurfum við öflugan grunn í grasrót til að búa umgjörð fyrir afreksstarf og árangur. Þetta styður hvort annað með órjúfanlegum hætti, og á síðari árum hafa jafnframt eflst tengsl keppnisíþróttar og almenningsíþróttar. Er þar um skynsamlega og góða sambúð að ræða innan vébanda sömu heildarsamtaka, og hefur sú þróun orðið



Forseti ÍSÍ ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands

meira ríkjandi á alþjóðlegum vettvangi.

Þátttaka í almenningisíþróttaverkefnum ÍSÍ heldur áfram að vaxa um tugi og hundruði prósentu á hverju ári – verkefnum á borð við Lífshlaupi, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann og Kvannahlaupi – svo dæmi séu tekin. Hefur þetta átt ríkan þátt í að efla stöðu íþróttu og íþróttahreyfingarinnar í samfélaginu, og skapað nýja strauma velvildar og þakklætis í garð hreyfingarinnar samhliða aukinni þekkingu á þeirri starfsemi sem þar fer fram. Félagar hreyfingarinnar eru nefnilega í senn keppendur, iðkendur, foreldrar, kjósendur og skattgreiðendur. Hreyfingin er órjúfanlegur hluti þjóðarinnar. Framundan eru spennandi tímar 100 ára afmælisárs. Það telst merkilegur viðburður í íslensku samfélagi þann 28. janúar næstkomandi þegar heild öld verður liðin frá formlegri stofnun Íþróttasambands Íslands árið 1912. Árið 1921 var Ólympíunefnd Íslands stofnuð, og samþykkt af Alþjóða-ólympíunefndinni árið 1935. Voru samtökin sameinuð í ein heildarsamtök árið 1997 undir nafni Íþróttu- og

Ólympíusambands Íslands. Hefur íþróttahreyfingin verið samferða þjóðinni í gegnum mikla umbrota- og uppbyggingartíma í íslensku samfélagi, og verður vart annað sagt en að gagnkvæmur kærleikur hafi einkennt þá vegferð.

Á afmælisárinu fer jafnframt fram stærsta íþróttahátíð heims, sumar-ólympíuleikarnir, sem að þessu sinni verða haldnir í London í júlí og ágúst á næsta ári. Ólympíuleikar eru jafnan æðsti draumur sérhvers íþróttamanns, og má segja að óvenjulegt sé miðað við stærð þjóðarinnar hversu marga keppendur Ísland hefur átt rétt á að senda til keppni, svo ekki sé minnst á árangur í formi verðlauna. Hefur íþróttahreyfingin þar borið hróður lands og þjóðar um allan heim – og verður seint lögð nægileg áhersla á það hversu góðir og ódýrir þeir sendiherrar eru fyrir okkar samfélag. Á síðasta Íþróttahátíðingunni fyrir tveimur árum síðan voru samþykktar ályktanir um skipun sérstakra vinnuhópa er starfa skyldu milli þinga til að endurskoða bæði ytra stjórnskipulag íþróttahreyfingarinnar, sem og innra skipulag Íþróttu- og Ólympíusam-

bands Íslands. Má segja að þar sé verið að ramma inn með nútímalegum hætti þá starfsemi og þau stefnumið sem sambandið hefur staðið fyrir á undanförunum árum. Hefur umtalsverð vinna verið lögð í þá endurskipulagningu, sem vonast er til að skili sér í skilvirkari og hnitmiðaðri starfsemi.

Ég vil sérstaklega færa þakkið öllu því fólki sem veitt hefur íþróttahreyfingunni liðsinni, hvort heldur um er að ræða sjálfbóðaliða eða ráðna starfsmenn, eða aðra þá sem með einum eða öðrum hætti hafa stutt við starfsemina. Það væri raunar afar fróðlegt að taka saman ársuppgjör með rekstrar- og efnahagsreikningi mannauðs innan hreyfingarinnar. Þar er býsna öflugur óbókfærður hagnaður og eiginfjárstaða sterk. Ég vona að lestur meðfylgjandi ársskýrslu veiti ykkur lesendur góðir greinargóða innsýn í fjölbreytta starfsemi Íþróttu- og Ólympíusambands Íslands.

Ólafur E. Rafnsson,  
forseti Íþróttu- og  
Ólympíusambands Íslands



Ólafur E. Rafnsson



Lárus Blöndal



Gunnar Bragason



Helga Steinunn Guðmundsdóttir

## Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 69. Íþróttþingi ÍSÍ, sem haldið var á Hilton Hótel Nordica dagana 17.-18. apríl 2009, voru eftirtaldir kjörnir í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar skipti stjórnin með sér verkum á þann hátt að Lárus Blöndal var skipaður í embætti varaforseta, Gunnar Bragason í embætti gjaldkera og Helga Steinunn Guðmundsdóttir í embætti ritara.

### Forseti ÍSÍ

**Ólafur E. Rafnsson** er fæddur 1963. Ólafur er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og sjálfstætt starfandi lögmaður frá árinu 1990. Hann sat í stjórn Körfuknattleikssambands Íslands 1990-2006, þar af formaður síðustu 10 árin. Ólafur var kjörinn forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands árið 2006. Ólafur var kjörinn forseti FIBA Europe, Körfuknattleikssambands Evrópu, í maí 2010. Íþróttalegur bakgrunnur: Körfuknattleikur, handknattleikur, knattspyrna og golf.

### Varaforseti ÍSÍ

**Lárus Blöndal** er fæddur 1961. Lárus er hæstaréttarlögmaður og rekur eigin lögfræðistofu. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002, skipaður ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ árið 2004 og varaforseti ÍSÍ árið 2006. Lárus er formaður Laganefndar ÍSÍ og formaður Akstursíþróttanefndar ÍSÍ/LÍA. Hann hefur einnig verið formaður Afreks-sjóðs ÍSÍ og setið í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Lárus leiddi undirbúningsvinnu að sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands í Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Lárus er fyrrverandi formaður Umf. Stjórnunnar í Garðabæ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og badminton.

### Gjaldkeri ÍSÍ

**Gunnar Bragason** er fæddur 1961. Gunnar er viðskiptafræðingur að mennt og starfar sem framkvæmdastjóri Gamar Holding. Hann var kjör-

inn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002 og skipaður af framkvæmdastjórn sem gjaldkeri ÍSÍ árið 2004. Hann er einnig formaður Fjármálaráðs ÍSÍ. Gunnar var forseti Golfsambands Íslands frá 1999-2001. Íþróttalegur bakgrunnur: Golf

### Ritari ÍSÍ

**Helga Steinunn Guðmundsdóttir** er fædd 1953. Helga er menntuð sem uppeldisráðgjafi (barnevernpedagog) frá Noregi. Hún var kosin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2006. Helga er formaður Ferðasjóðs Íþróttafélaga og hefur að auki leitt ýmsa vinnuhópa ÍSÍ. Hún er fulltrúi ÍSÍ í Norrænu skólaíþróttanefndinni. Helga átti sæti í aðalstjórn og stjórn knattspyrnudeildar KA og var formaður félagsins í 7 ár.

**Hafsteinn Pálsson** er fæddur 1952. Hafsteinn er menntaður byggingarverkfræðingur og starfar sem slíkur hjá umhverfisráðuneytinu. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið



Hafsteinn Pálsson



Helga M. Magnúsdóttir



Friðrik Einarsson



Örn Andrésson

1992 og hefur sinnt ýmsum ábyrgðarstörfum hjá sambandinu sem ritari ÍSÍ, formaður Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, Taekwondonefndar ÍSÍ og nú síðast sem formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og formaður Heiðursráðs ÍSÍ. Hafsteinn er fyrrverandi formaður Ungmennasambands Kjalarnessþings og knattspyrnudeildar Umf. Aftureldingar og átti einnig sæti í aðalstjórn og stjórn sunddeildar Umf. Aftureldingar og í stjórn UMFÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.

**Helga H. Magnúsdóttir** er fædd 1948.

Helga starfar sem verktaki. Hún var kjörin í varastjórn ÍSÍ árið 1996 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1997. Helga hefur starfað í fjölmörgum nefndum og ráðum innan ÍSÍ, m.a. í Barna- og unglínganefnd ÍSÍ, Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ, stjórn Afrekssviðs ÍSÍ og Kvennahlaupsnefnd ÍSÍ. Hún er nú formaður Heilbrigðisráðs ÍSÍ og situr í stjórn Afrekssjóðs og Afrekssviðs ÍSÍ.

Helga sat einnig í stjórn Handknattleikssambands Íslands í 8 ár, bæði sem stjórnarmaður og gjaldkeri. Helga hefur setið í Mótanefnd Handknattleikssambands Evrópu (EHF) frá árinu 2000 og er hún fyrsta konan sem kosin var til embættisstarfa hjá EHF. Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur.

**Friðrik Einarsson** er fæddur 1968. Friðrik var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2006. Hann er formaður Afrekssviðs ÍSÍ. Friðrik starfaði sem framkvæmdastjóri knattspyrnufélagsins Leifturs á árunum 1990-1994 og sem framkvæmdastjóri Skíðasambands Íslands 1994-1996. Friðrik sat í ýmsum nefndum fyrir Skíðasamband Íslands og var kjörinn í stjórn sambandsins árið 2000. Hann var formaður Skíðasambands Íslands árin 2002-2006. Frá árinu 2005 hefur hann einnig starfað í foreldraráðum og sinnt smærri verkefnum fyrir Umf. Stjórnuna í Garðabæ.

Íþróttalegur bakgrunnur: Gönguskíði og knattspyrna.

**Örn Andrésson** er fæddur 1951. Hann rekur eigið fjárfestingarfélag. Örn var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996. Hann er formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, formaður Tölvu- og samskiptanefndar ÍSÍ og formaður Afmælisnefndar ÍSÍ. Hann hefur einnig setið í Afrekssviði ÍSÍ og sinnt ýmsum verkefnum innan sambandsins. Örn hefur setið samfellt í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur í 21 ár en hann var einnig formaður badmintondeildar Víkings í 4 ár og formaður Borðtennissambands Íslands. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsíþróttir og badminton.

**Sigríður Jónsdóttir** er fædd 1954. Hún er efnafræðingur með doktorspróf frá Háskólanum í Hamborg í Þýskalandi og starfar á Raunvísindastofnun Háskólans. Sigríður var varaforseti ÍSÍ frá 1997-2006. Hún sat í stjórn Badmintonsambands Ís-



Sigríður Jónsdóttir



Jón Gestur Viggósson



Helgi Sigurðsson

lands og var formaður sambandsins frá 1990-1996. Sigríður er formaður Fræðslusviðs ÍSÍ og hefur gegnt því embætti frá stofnun sviðsins. Hún situr í Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd ÍSÍ.

Íþróttalegur bakgrunnur: Badminton.

**Jón Gestur Viggósson** er fæddur 1946. Hann er sérfræðingur og starfar hjá Teris. Jón Gestur var kjörinn í varastjórn ÍSÍ árið 2000 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2009. Hann situr í Fjármálaráði ÍSÍ og í stjórn Fræðslusviðs ÍSÍ. Einnig á hann sæti í ýmsum vinnuhópum á vegum ÍSÍ. Jón Gestur var gjaldkeri Íþróttabandalags Hafnarfjarðar 1999 - 2009 og sat í aðalstjórn og deildastjórnnum FH í fjölda ára.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.

**Helgi Sigurðsson** er fæddur 1972. Hann er tannlæknir og einn eigenda Tannlæknastofu Austurlands. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ



árið 2009. Hann situr í sviðsstjórn Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og einnig í Heilbrigðisráði ÍSÍ.

Helgi var í stjórn knattspyrnudeildar Selfoss 1998-2000 og formaður Hattar á Egilsstöðum 2002-2009. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.

Framkvæmdastjórn hefur haldið 24 fundi frá síðasta Íþróttapingi. Þá

hefur framkvæmdaráð ÍSÍ, sem í sitja forseti, varaforseti, gjaldkeri og ritari haldið ríflega 40 fundi. Fundi framkvæmdaráðs hafa einnig setið, eftir atvikum, formenn sviða, formaður Afrekssjóðs ÍSÍ, framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri.

Auk ofangreindra funda hafa verið haldnir fjöldi óformlegra funda.





Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir



Gústaf Adólf Hjaltason



Þorgrímur Þráinsson

## Varastjórn ÍSÍ

**Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir** er fædd 1953.

Hún var kjörin í varastjórn ÍSÍ árið 2002. Ingibjörg situr í stjórn Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og er formaður Kvennahlaupsnefndar ÍSÍ, auk þess að stýra vinnuhópum.

Ingibjörg var formaður Umf. Aftureldingar í Mosfellsbæ í 8 ár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur og frjálsíþróttir.

**Gústaf Adólf Hjaltason** er fæddur 1955.

Hann var kjörinn í varastjórn ÍSÍ árið 2009 og situr í stjórn fræðslusviðs ÍSÍ. Gústaf er formaður Sundfélagsins Ægis og hefur verið það í 7 ár. Hann er einnig formaður framkvæmdastjórnar RIG (Reykjavík International Games). Sat í stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar í 3 ár og var formaður nefnda þar. Hann hefur verið í stjórn Sundráðs Reykjavíkur í 7 ár.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, handknattleikur og golf.

**Þorgrímur Þráinsson** er fæddur 1959.

Hann var kjörinn í varastjórn ÍSÍ 2009. Þorgrímur situr í ritnefnd ÍSÍ varðandi ritun 100 ára sögu ÍSÍ. Hann situr einnig í landsliðsnefnd karla í knattspyrnu. Fyrrum knattspyrnumaður með Val og starfar sem rithöfundur.

Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og frjálsíþróttir.

## Dómsmál

Dómstólar ÍSÍ hafa fengið til sín 6 mál frá síðasta Íþróttapingi og voru þau öll tekin fyrir hjá Dómstól ÍSÍ. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ fékk ekkert mál til umfjöllunar á tímabilinu.

Bent er á að hægt er að lesa dómsúrskurði hjá dómstólum ÍSÍ á heimasíðu ÍSÍ, [www.isi.is](http://www.isi.is)

## Laganefnd ÍSÍ

Laganefnd ÍSÍ er álitsgjafi framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Árlega les nefndin yfir lög fjölmargra félaga sem sækjast eftir aðild að Íþróttahreyfingunni ásamt því að fara yfir breytingar sem gerðar eru á lögum sambandsaðila. Að auki aðstoðar nefndin framkvæmdastjórn í aðdraganda Íþróttapings ef breytinga er þörf á lögum ÍSÍ.



Andri Stefánsson



Berglind Guðmundsdóttir



Halla Kjartansdóttir



Jóna Hildur Bjarnadóttir



Kristín Lilja Friðriksdóttir



Linda Laufdal



Líney Rut Halldórsdóttir



Rúna Hilmarsdóttir



Steinunn A. Í. Tómasdóttir



Viðar Sigurjónsson

## Skrifstofa ÍSÍ

Starfsmenn ÍSÍ eru 11 talsins. Á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík starfa 10 starfsmenn, þar af 3 í hlutastarfi og á Akureyri er starfsmaður í fullu starfi. Að auki er 1 starfsmaður í afleysingum vegna fæðingarorlofs. Grunnstarfsemi skrifstofunnar skiptist í þrjú starfssvið; Afrekssviðs, Fræðslusvið og Almenningsþróttasvið.

Fjölbreytt verkefni, sum hver mikil að umfangi, eru unnin á skrifstofu ÍSÍ og oft er líf í tuskunum. Það kallar á gott samstarf og samheldni starfsfólksins sem verður að vinna sem einn maður þegar mikið liggur við. Þegar svo ber undir ganga allir í þau störf sem til falla.



Þórarinn Alvar Þórarinsson



Örvar Ólafsson





Frá fundi stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og Styrktarsjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna.

## Nefndir ÍSÍ

Mikið starf er unnið í nefndum og vinnuhópum á vegum ÍSÍ á milli íþróttapínga.

Fastanefndir ÍSÍ eru Heilbrigðisráð, Lyfjaráð, Lyfjaeftirlitsnefnd, Afrekssjóður ÍSÍ, Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna, Laganefnd, Fjármálaráð, Alþjóðanefnd og Verkefnasjóður.

Að auki má nefna Afmælisnefnd ÍSÍ, Heiðursráð ÍSÍ og ýmsa vinnuhópa og millipínganefndir.

## Heiðursráð ÍSÍ

Í kjölfar Íþróttapíngs ÍSÍ 2009 var samþykkt var að setja á stofn nýtt ráð innan ÍSÍ; Heiðursráð ÍSÍ.

Í Heiðursráði sitja Hafsteinn Pálsson formaður, Ari Bergmann Einarsson, Björg Blöndal, Engilbert Olgeirsson og Reynir Ragnarsson. Heiðursráðið er ráðgefandi aðili við framkvæmdastjórn ÍSÍ varðandi heiðursveitingar og reglugerðir þar að lútandi.

## Þríprautarnefnd ÍSÍ endurvakin

Þríprautarnefnd ÍSÍ var endurvakin í lok ágúst 2010 en þríprautariðkendum hefur farið mjög fjölgandi á undanförunum árum. Nefndin var virk á árunum 1990-1994 en starfsemi hennar lagðist þá af. Þrípraut er nú iðkuð í a.m.k. 4 íþróttahéruðum innan vébanda ÍSÍ og er unnið markvisst að því að efla starfið á landsvísu.

Þríprautarnefnd ÍSÍ skipa: Gísli Ásgeirsson, Trausti Valdimarsson, Steinn Jóhannsson, Stefanie Gregersen og Corinna Hoffman.

ÍSÍ hefur fengið aðild að Alþjóðáþríprautarsambandinu og Evrópska þríprautarsambandinu þannig að möguleiki hefur opnast fyrir þátttöku íslenskra keppenda á EM og HM.

## Sameining íþróttahéraða

Um áramótin 2009-2010 sameinuðust Íþróttabandalag Siglufjarðar og Ungmenna- og íþróttasamband Ólafsfjarðar í Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar. Frá sameiningu hefur verið unnið ötulllega að hagræðingu innan héraðsins, m.a. með sameiningu Leifturs á Ólafsfirði og Knattspyrnufélags Siglufjarðar í Knattspyrnufélag Fjallabyggðar. Eftir sameininguna eru íþróttahéruð landsins alls 25.



## Formannafundir ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ er samkvæmt lögum ÍSÍ ráðgefandi samkoma þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ upplýsir formenn sambandsaðila ÍSÍ um starfsemi sambandsins á milli Íþróttabinga. Formannafundur er haldinn

í nóvember ár hvert. Í tengslum við Formannafund ÍSÍ hefur undanfarin ár verið haldinn óformlegur samráðsfundur héraðssambanda og íþróttabandalaga um sameiginleg hagsmunamál.



## Þingskipaðir vinnuhópar

Á milli Íþróttabinga starfa ýmsir vinnuhópar og nefndir um þau mál efni sem Íþróttabing leggur áherslu á hverju sinni. Eftir Íþróttabing 2009 voru eftirtaldir hópar skipaðir: vinnuhópur um ytra skipulag, vinnuhópur um innra skipulag, vinnuhópur um siðareglur íþróttahreyfingarinnar, vinnuhópur um ímyndar- og kynningarmál og vinnuhópur um rannsóknarmiðstöð afreksmála. Í vinnuhópunum starfa fjölmargir einstaklingar í sjálfböðavinnu sem



Vinnuhópur um siðareglur íþróttahreyfingarinnar að störfum. Frá vinstri: Hörður Oddfríðarson, Viðar Sigurjónsson, Ólafur Rafnsson, Þóra Melsteð og Sturlaugur Sturlaugsson.

hafa áhuga á að setja mark sitt á stefnur og strauma í íþróttahreyfing-

unni og kann ÍSÍ þeim öllum bestu þakkir fyrir þeirra framlag.



Heiðursfélagar kjörnir á 69. Íþróttþingi ÍSÍ 2009 ásamt Heiðurskrosshöfum sem heiðraðir voru við sama tækifæri.

## Heiðranir

Það er Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands sönn ánægja að veita á ári hverju viðurkenningar til einstaklinga sem hafa unnið fórnfúst og gott starf í þágu íþróttahreyfingarinnar. Eftirtaldar viðurkenningar hafa verið veittar frá síðasta Íþróttþingi ÍSÍ árið 2009:

### Heiðursfélagar, kjörnir á 69. Íþróttþingi ÍSÍ 2009:

Alfreð Þorsteinsson  
Hafsteinn Þorvaldsson  
Lovísa Einarsdóttir  
Valdimar Örnólfsson

### Heiðurskross

Björg Blöndal  
Guðmundur Ágúst Ingvarsson  
Haraldur Magnússon  
Logi Kristjánsson  
Magnús Jakobsson  
Unnur Stefánsdóttir

### Gullmerki ÍSÍ

Albert Eymundsson, Umf. Sindri  
Anna Mikaelsdóttir, HSP

Anna Þóra Stefánsdóttir, Umf. Afturelding  
Arnór Benónýsson, HSP  
Benedikt Sigurðarson, SSÍ  
Björn Guðbjörnsson, BLÍ  
Daníel Jakobsson, SKÍ  
Einar Haraldsson, Keflavík  
Einar Gylfi Jónsson, Heilbrigðisráð ÍSÍ  
Engilbert Olgeirsson, HSK  
Gauti Grétarsson, Gróttta  
Gestur Jónsson, GR  
Gísli Páll Pálsson, HSK  
Guðmundur Sigurðsson, UMSB  
Hörður Þorsteinsson, BH/GSÍ  
Jóhannes Christensen, STÍ  
Jóhann Gunnarsson, Umf. Afturelding  
Kári Arnórsson, LH  
Kári Gunnlaugsson, Keflavík  
Kristján Erlendsson, FSÍ  
Rosemarie Þorleifsdóttir, LH  
Sigurður Jóhannsson, JSÍ  
Sigurjón Pétursson, HSÍ  
Skjöldur Vatnar Björnsson, TSÍ  
Svava Árnadóttir, ÍF  
Thor Vilhjálmsson, Júðófélag Reykjavíkur  
Þorbergur Bæringsson, HSH

### Silfurmerki ÍSÍ

Birgir Ingibergsson, Keflavík  
Garðar Eyland, GR  
Guðmundur Kr. Gíslason, STÍ  
Guðrún Kristín Einarsdóttir, Umf. Afturelding  
Edda Lúvís Blöndal, KAÍ  
Elísabet Guðmundsdóttir, Umf. Afturelding  
Halldór Axelsson, STÍ  
Halldór Svavarsson, KAÍ  
Helgi Jóhannesson, KAÍ  
Ingibjörg Hinriksdóttir, Breiðablik  
Íris Grönfeldt, UMSB  
Jóhannes Benediktsson, SSÍ  
Jóhannes Sveinbjörnsson, UMSK  
Jón Pétur Jónsson, GR  
Jónas Þorsteinsson, Keflavík  
Kristinn Einarsson, Þróttur  
Ragnar Sigurðsson, HSK  
Sigurður K. Sveinbjörnsson, Þróttur  
Svanhvít Jóhannsdóttir, SSÍ  
Vincent Carrasco, Umf. Afturelding  
Kristinn Guðnason, HSK  
Þórhalla Guðbjartsdóttir, USAH



## Heiðrun Íþróttasambands Færeyja

Forseti Íþróttasambands Færeyja, (ÍSF) Petur Elias Petersen heiðraði Ólaf Rafnsson forseta ÍSÍ með Gullmerki sambandsins og Líneyju Rut Halldórsdóttur framkvæmdastjóra ÍSÍ með Silfurmerki sambandsins á árlegum fundi íþrótta- og ólympíu-

sambanda Norðurlandanna sem haldinn var í Svíþjóð 2010. Framkvæmdastjórn ÍSF hafði einnig samþykkt að sæma Lárus Blöndal varaforseta ÍSÍ Gullmerki sambandsins og var merkið afhent Lárusi þegar fulltrúar ÍSF heimsóttu ÍSÍ í nóvember sl.

Mikil samskipti eru á milli ÍSÍ og Íþróttasambands Færeyja enda uppbygging íþróttahreyfingarinnar með svipuðum hætti á Íslandi og í Færeyjum og mikill stuðningur fyrir bæði samböndin að eiga gott og gagnlegt samstarf.

## Heiðrun Evrópusambands ólympíunefnda (EOC)

Framkvæmdastjórn Evrópusambands ólympíunefnda sæmdi, á ársþingi sínu 2009, Stefán Konráðsson fyrrverandi framkvæmdastjóra Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands sérstakri heiðursviðurkenningu, Laurel - lárviðarsveig EOC. Viðurkenninguna fékk Stefán fyrir frábær störf í þágu íslenskra íþrótta og ólympíugilda og fyrir að stuðla að samvinnu Evrópskra ólympíunefnda. Stefán Konráðsson var í forystusveit íslenskrar íþróttahreyfingar í 18 ár. Hann stóð fyrir mikilli endurskipulagningu á starfi ÍSÍ og leiddi sem framkvæmdastjóri

meðal annars sameiningu Íþrótta-sambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands í ný heildarsamtök íþrótta á

Íslandi. Stefán er nú framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna.



Framkvæmdastjóri EOC Raffaele Pagnozzi, gjaldkeri EOC Kikis N. Lazarides, Stefán Konráðsson, forseti EOC Patrick J. Hickey og varaforseti EOC Alexander Kozlovsky.



Pamela Vipond aðstoðarframkvæmdastjóri Ólympíusamhjalparinnar og Gianluca Di Angelis fjármálastjóri EOC .

## Úttekt á starfsemi ÍSÍ

Starfsemi ÍSÍ var tekin út af fulltrúum Ólympíusamhjalparinnar og Evrópusambands ólympíunefnda í júní 2010. Slíkar úttektir tíðkast hjá ofangreindum aðilum og að þessu sinni var röðin komin að Íslandi.

Frá Ólympíusamhjalpinni kom Pamela Vipond aðstoðarframkvæmdastjóri og frá EOC kom Gianluca Di Angelis fjármálastjóri.

Farið var yfir starfssvið ÍSÍ og öll verkefni, gerð var úttekt á rekstri sambandsins og farið yfir styrki sem sambandið hefur fengið frá Ólympíusamhjalpinni og EOC.

Fulltrúarnir gáfu sér tíma til að hitta nokkra styrkþega ásamt því að funda með mennta- og menningarmálaráðherra og framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Niðurstöður úttektarinnar bárust ÍSÍ í september 2010 og getur stjórn og starfsfólk ÍSÍ verið stolt af niðurstöðunum.

Í stuttu máli sagt þá fékk ÍSÍ afar jákvætt mat. Úrdrátt úr skýrslu matsfulltrúa má sjá hér:

“Overall, the evaluators obtained an excellent impression of the way in

which the National Olympic Committee and Sports Association of Iceland is functioning on the day to day basis. We were very warmly welcomed and the hospitality was excellent.

The NOC had gone to some trouble to efficiently prepare the visit in advance, providing a power point presentation covering all topics included on the questionnaire, and this made it very easy to discuss all the relevant points.

During meetings with the NOC Executive Board and the National

Federations, it was clear that all are very aware of the programmes and funding which is available from Olympic Solidarity (both through the world and the continental programmes) and this was a clear indication that the NOC is communicating well with stakeholders on the national level. In short, we can confirm that the National Olympic Committee and Sports Association of Iceland is perfectly fulfilling its duties and has shown itself to be a well organised and totally focused organisation.”





Forseti ÍSÍ tekur á móti veggspjaldi frá forsetafrú Eistlands, frú Evelyn Ilves í júní 2010.




Frá heimsókn EOC og ÓS í júní 2010.

## Heimsóknir

Margir gestir heimsækja ÍSÍ í höfuðstöðvar sambandsins í Laugardal á ári hverju. Hér gefur á að líta nokkrar svipmyndir frá heimsóknum á síðustu tveimur árum.



Jean Todt, forseti Heimssamtaka bifreiðaeigenda og akstursíþróttafélaga – FIA, fundaði með forystumönnum ÍSÍ í febrúar 2011.



Kínversk sendinefnd í heimsókn í ágúst 2010. Á myndinni eru f.v. Wang Yuping aðstoðarframkvæmdastjóri íþróttamála í Guangdong, Su Ge sendiherra Kína á Íslandi, Xiao Tian varaíþróttamálaráðherra Kína og varaforseti Ólympíunefndar Kína, Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ og Liu Baoli aðstoðarframkvæmdastjóri Ólympíunefndar Kína.



Sendiherra Bretlands, Ian Whitting, heimsótti ÍSÍ í nóvember 2010 í tengslum við undirbúning fyrir Ólympíuleikana 2012. Með honum á myndinni eru Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Árdís Sigurðardóttir fjölmiðlafulltrúi sendiráðsins.





Forysta Íþróttasambands Færeyja kynnti sér starfsemi og einstök verkefni ÍSÍ í nóvember 2010. Á myndinni eru f.v. Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ, Petur Elias Petersen forseti ÍSF, Katrin Joensen ritari ÍSF, Petur Ove Petersen varaforseti ÍSF og Lárus Blöndal varaforseti ÍSÍ.



Frá heimsókn forsetahjónanna í Laugardalinn.



Félagsmenn í Félaginu Orkusenatinu fengu kynningu á starfsemi ÍSÍ og þá sérstaklega starfi Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ í október 2010.



Óðinn og Kristjana Helgason reyndust íslensku þátttakendum á Ólympíuleikunum og Ólympíumóti fatlaðra í Vancouver 2010 afar vel.

Frá vinstri: Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ og fararstjóri á Ólympíuleikunum í Vancouver, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Kristjana Helgason formaður Íslendingafélagsins í Vancouver, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Óðinn Helgason aðstoðarmaður íslensku þátttakendanna í Vancouver og Anna Karólína Vilhjálmisdóttir framkvæmdastjóri Íþróttasambands fatlaðra.



Stefán Runólfsson athafnamaður og Heiðurskrosshafi ÍSÍ færði ÍSÍ að gjöf bók sína „Stebbi Run – annasamir dagar og ögurstundir“ í apríl 2010.



Forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ á fundi Heimssambands ólympíunefnda.



## Erlend samskipti

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur hvatt sambandsaðila sína til þátttöku í stjórnnum, ráðum og nefndum alþjóðlegra samtaka á sviði íþróttar með stuðningi í formi farseðla.

Fjöldmargir aðilar úr íþróttahreyfingunni starfa í stjórnnum, nefndum og ráðum alþjóðlegra samtaka um íþróttir af ýmsum toga. Forseti ÍSÍ, Ólafur Rafnsson, hefur verið virkur þátttakandi í starfi Korfuknattleiksambands Evrópu (FIBA Europe) og var hann kjörinn forseti sambandsins á þingi þess á síðasta ári. Með þátttöku í alþjóðastarfi myndar íþróttahreyfingin á Íslandi góð tengsl við starfsfélaga sína erlendis og greiðari aðgang að gagnlegum upplýsingum sem nýst geta íþróttahreyfingunni á Íslandi í nútíð og framtíð.

ÍSÍ tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi, svo sem innan Ólympíuhreyfingarinnar, Evrópusamstarfs og Norðurlandastarfs.



Frá fundi í Þjóðmenningarhúsi þar sem framboð Ólafs Rafnssonar til forseta FIBA Europe var kynnt.



Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ á fundi aðalfararstjóra í Singapore 2010.



## Vetrariþróttahátíð ÍSÍ 2010

Vetrariþróttahátíð ÍSÍ var sett 6. febrúar 2010 á Akureyri og stóð hún til 21. mars sama ár.

Skipulag og framkvæmd hátíðarinnar var í höndum Vetrariþróttamiðstöðvar Íslands, Akureyrarbæjar og Íþróttabandalags Akureyrar. Dag-skrá hátíðarinnar var mjög fjölbreytt

og gátu allir þeir sem hafa áhuga á útivist og vetrariþróttum fundið eitthvað við sitt hæfi. Vegleg Setningarhátíð var haldin í Skautahöllinni en meðal atriða var skrúðganga, listhlaupasýning og keppendur Íslands á Vetrarólympíuleikunum í Vancouver voru kynntir.



## Starfsemi Samtaka íslenskra ólympíufara



Aðalfundur samtaka íslenskra ólympíufara (SÍÓ) var haldinn 28. maí 2009. Ein breyting varð á stjórn samtakanna. Á kjörtímabilinu hafa setið í stjórn þau Guðmundur Gíslason formaður, Broddi Kristjánsson varaformaður, Steinunn Sæmundsdóttir, Íris Grönfeldt og Þórey Edda Elísdóttir sem kom ný inn í stað Kolbrúnar Ýrar Kristjánsdóttur.

Í varastjórn sitja þau Ásta Halldórsdóttir og Júlíus Jónasson og hafa þau tekið virkan þátt í starfi stjórnarog setið stjórnarfundum að ósk stjórnar. Haldnir hafa verið 10 stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi. SÍÓ stendur fyrir fræðsluviðburði á hverju ári. Árið 2009 kom Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari í handknattleik og fjallaði um árangur

karlalandsliðsins á Ólympíuleikunum í Peking. Árið 2010 tóku Fræðsluvið ÍSÍ og SÍÓ höndum saman og fengu virtan íþróttapjálfa frá Bandaríkjunum til þess að fjalla um íþróttapjálfaann og hlutverk hans.

## Vörumerkjastaðall ÍSÍ

ÍSÍ hefur gefið út vörumerkjastaðal ÍSÍ. Um er að ræða upplýsingarit sem geymir helstu leiðbeiningar um notkun á merki ÍSÍ og þeirra verkefna sem heyra undir ÍSÍ.

Mikilvægt er að sambandsaðilar kynni sér vel notkunarreglur og virði þær. Ritið er aðgengilegt á heimasíðu ÍSÍ.





## Samráðsfundur með mennta- og menningarmálaráðherra

Forystumenn ÍSí funda reglulega með mennta- og menningarmálaráðherra um málefni íþróttahreyfingarinnar. Á haustmánuðum 2010 var einnig samráðsfundur forystumanna ÍSí, formanna sérsambanda ÍSí og Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra. Þar var

m.a. rætt um stefnumótun ríkisins í íþróttamálum, Fjárlög, rekstur sérsambanda, hlutverk ríkisfjölmíðla m.t.t. íþróttá, kynjajafnrétti, o.fl. Mjög góðar umræðu voru á fundinum þar sem formenn sérsambandanna komu á framfæri þeim málum sem viðkoma starfi þeirra.



MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Handbók ÍSí

ÍSí hefur undanfarin ár gefið út handbók þar sem uppfærð lög og reglugerðir er að finna. Handbókina er einnig að finna á heimasíðu ÍSí á [www.isi.is](http://www.isi.is). Unnið hefur verið að gerð sérstakrar upplýsingamöppu sem mun nýtast sérsamböndum og héraðssamböndum í störfum sínum. Þar verður að finna gagnýtar upplýsingar og leiðbeiningar varðandi samskipti við ÍSí, undirbúning viðburða, fundarskög, eyðublög og margt fleira sem nýtist sambandsaðilum í daglegu starfi.



## Starfsskýrslur ÍSí

Ár hvert þurfa héraðssambönd, sérsambönd og íþróttá- og ungmennafélög að skila starfsskýrslum í gegnum Felix, tölvukerfi ÍSí og UMFÍ. Skil á starfsskýrslum ÍSí eru afar mikilvæg fyrir alla hreyfinguna því með þeim fæst nauðsynleg yfirsýn yfir fjöldataölur og fjárhag íþróttá á landsvísu. Slík yfirsýn er nauðsynleg þegar sýna þarf fram á umfang og starfsemi íþróttahreyfingarinnar.

Skil á starfsskýrslum hafa aukist með ári hverju og voru nánast 100% skil á síðasta starfsskýrslutímabili.

ÍSí þakkar góða samvinnu við innheimtu starfsskýrslna og hvetur sambandsaðila til að nýta sér enn betur Felix til skráningar og utanumhalds á starfsemi sinni.

## café easy

ráðast í byggingu lyftuhúss í því skyni að bæta aðgengi að þessum einingum. Gengið var til samninga við byggingarverktakafyrirtækið Fonsa, VSB Verkfræðistofu ehf og Bjarna Snæbjörnsson arkitekt. Áætluð verklok eru sett þann 15. apríl.

Reitur fyrir framan Íþróttamiðstöðina var endurhannaður og hellulagður með tilliti til færslu á stytta af Gísla Halldórssyni, sem komið var fyrir í reitnum. Reykjavíkurborg lagfærði einnig gangstétt við miðstöðina.

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal er starfrækt kaffitería ÍSí - Cafe easy. Kaffiterían er hjarta Íþróttamiðstöðvarinnar og er mikil aðsókn í hádegisverðina. Reksturinn er fyrst og fremst í tengslum við þá starfsemi sem er í fundarsölum og vegna starfsmanna í Íþróttamiðstöðinni. ÍSí endurnýjaði í febrúar samkomulag við Ingiberg L. Baldursson veitingamann um rekstur kaffiteríunnar. Starfsemin í miðstöðinni er fjölbreytt og kallar á mikinn sveigjanleika varðandi rekstur fundarsala og veitingasölu utan hefðbundins vinnutíma. Það er starfseminni nauðsynlegt að geta reitt sig á lipra þjónustu og úrval veitinga og hefur samstarfið við Ingiberg og hans starfslið gengið afskaplega vel.



## Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Íþróttamiðstöðin í Laugardal stendur undir nafni sem miðstöð íþróttahreyfingarinnar og daglega er lagt þar á ráðin um skipulag og fyrirkomulag viðburða og verkefna í þágu íþróttar. Öll sérsambönd ÍSí, utan KSÍ, SKY og SKÍ, eru með aðstöðu í miðstöðinni, auk Íþróttabandalags

Reykjavíkur, Ungmennasambands Kjalarnesþings, Íslenskrar getspá og Íslenskra getrauna, og nokkurra hagsmunaaðila sem hafa aðsetur í miðstöðinni.

Á síðasta ári samþykktu ÍSí, ÍBR og Íslenskar getraunir, eignaraðilar að húsi 1 og 2 í Íþróttamiðstöðinni, að





Styttan af Gísli Halldórssyni flutt úr stæði sínu við Laugardalsvöll.



Heiðursforsetar ÍSí, Ellert B. Schram og Gísli Halldórsson ásamt forseta ÍSí, Ólafi E. Rafnssyni við styttuna fyrir framan Íþróttamiðstöðina í Laugardal.

## Styttan af Gísli Halldórssyni flutt

Stytta af Gísli Halldórssyni, Heiðursforseta ÍSí stóð lengi í Laugardalnum, nálægt höfuðstöðvum KSÍ. Áform voru um alllangt skeið að færa styttuna að Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, höfuðstöðvum ÍSí og áður ÓÍ, sem Gísli stýrði með myndarbrag í áratugi, ásamt því að hanna og teikna þau mannvirki sem þar standa. Á vormánuðum fengust öll tilskilin leyfi fyrir flutningnum og þann 9. ágúst var haldin látlaus athöfn við styttuna þar sem hún stendur nú

á nýuppgerðum reit við inngang Íþróttamiðstöðvarinnar. Veðrið lék við gestina en auk Gísla og fjölskyldu hans voru m.a. viðstaddir Ellert B. Schram Heiðursforseti ÍSí, framkvæmdastjórn ÍSí ásamt fleiri góðum gestum úr íþróttaförystunni. Einnig var viðstödd Ragnheiður Stefánsdóttir myndhöggvari sem gerði styttuna árið 1986 en styttna þykir endurspegla afar vel útlit og einkenni Gísla.

Við þetta tækifæri flutti Ólafur Rafnsson forseti ÍSí stutt ávarp þar sem hann rakti forsögu málsins. Einnig flutti Margrét Leifsdóttir sonardóttir Gísla, stutt ávarp fyrir hönd afa síns. Fram kom í máli Margrétar að fjölskyldan væri afar ánægð með flutninginn á styttni og nýja staðsetningu hennar. Það væri táknrænt að það væri sem styttna „horfði“ yfir Laugardalinn og þau mannvirki sem Gísli hefur hannað, allt frá árinu 1946.

## Samstarf við Flugfélag Íslands

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands endurnýjaði samning sinn við Flugfélag Íslands í lok mars síðastliðinn. Flugfélag Íslands hefur verið samstarfsaðili ÍSí um áraraðir og stutt vel við bakið á íþróttahreyfingunni með afsláttarkjörum í innanlandsflugi sem

sambandsaðilar ÍSí og aðildarfélög þeirra geta nýtt sér. Upplýsingar um núverandi samning er að finna á heimasíðu ÍSí.



Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí og Ingi Þór Guðmundsson forstöðumaður sölu- og markaðssviðs Flugfélags Íslands við undirritun samnings.



Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Hannes S. Jónsson verkefnastjóri og Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar.

## Samstarf ÍSÍ og Vinnumálastofnunar

Í nóvember 2009 undirrituðu fulltrúar ÍSÍ og Vinnumálastofnunar (VMST) samstarfssamning um tíma-bundið verkefni sem sneri að því að auka virkni atvinnuleitenda með því að virkja þá í sjálfbóðaliðaverkefnum innan íþróttahreyfingarinnar. Tilgangur verkefnisins var að stuðla að virkni og starfshæfni atvinnuleitenda og sporna gegn erfiðum félagslegum og heilsufarslegum afleiðingum sem oft fylgja langvarandi atvinnuleysi, auk þess að kynna fyrir fleirum þau fjölmörgu störf og verkefni sem unnin eru innan íþróttahreyfingarinnar. Meðal þeirra verkefna sem atvinnuleitendur gátu tekið að sér innan íþróttahreyfingarinnar voru; almenn skrifstofustörf skráning eldri gagna t.d. fundargerða, úrslita og annað sem þarf að koma á tölvutækt form, tölvuvinnsla, ljósmyndavinna (t.d. að skanna inn gamlar ljósmyndir, merkja gamlar ljósmyndir eða taka myndir), aðstoð við þjálfun, aðstoð við kappleiki og/eða mót svo fátt

eitt sé talið til. Í raun var verið að tala um allt það sem tilfellur innan hreyfingarinnar. Samstarfið fólst í því að einstaklingar sem eru/voru á atvinnuleysisrá gátu valið það að koma sem sjálfbóðaliðaliðar í íþróttahreyfinguna. Átaksverkefnin voru tvö, Ungt fólk til athafna fyrir aldurshópinn 16-29 ára og ÞOR fyrir aldurshópinn 30-70 ára. Einnig aðstoðaði ÍSÍ félög og sambönd innan íþróttahreyfingarinnar að fá til sín starfsmenn í átaksverkefni þar sem VMST greiddi stóran hluta af launum viðkomandi starfsmanna. Almenn ánægja var bæði hjá sjálfbóðaliðunum sem og þeim íþróttafélögum og samböndum sem tóku þátt í verkefninu. Samstarfsverkefnið ÍSÍ og VMST stóð frá desember 2009 til febrúarloka 2011. ÍSÍ þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem komu að verkefninu fyrir hönd íþróttahreyfingarinnar fyrir

samstarfið sem og þeim atvinnuleitendum sem tóku að sér sjálfbóðaliðastörf innan íþróttahreyfingarinnar. Verkefnastjóri var Hannes S. Jónsson og með honum störfuðu tímabundið þeir Elmar Bergþórsson og Arnþór Þórðarson.





Ólafur Rafnsson, forseti Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands og Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair handsala samkomulag um miðasölu fyrir ÓL í London 2012.

## Icelandair verður miðasöluaðili á Íslandi fyrir Ólympíuleikana í London

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands og Icelandair hafa samið um að Icelandair taki að sér miðasölu á Íslandi fyrir Ólympíuleikana sem verða haldnir í London 27. júlí til 12. ágúst 2012.

Miðasalan á Íslandi hefst 3. maí næstkomandi og mun Icelandair kynna sölufurlið nánar þegar nær dregur.

Í samkomulaginu felst að Icelandair verður söluaðili á Íslandi fyrir aðgangsmiða á einstaka viðburði á Ólympíuleikunum. Í tengslum við miðasölu mun Icelandair einnig bjóða sérsniðnar pakkaferðir til London og gefa þannig öllum Íslendingum færi á að upplifa og njóta eins og best verður á kosið þessa stærsta íþróttaviðburðar ársins 2012. Þátttaka íslenskra íþróttamanna á leikunum skýrist nánar síðar á þessu ári, og á fyrri hluta ársins 2012 og er gert ráð fyrir að fyrirkomulag sölunnar taki m.a. mið af árangri þeirra.

„Þetta er spennandi verkefni fyrir okkur. Ólympíuleikar draga að sér geysilegan fjölda gesta og að þessu sinni búumst við við miklum áhuga Íslendinga á leikunum m.a. vegna þess að fátítt er að Ólympíuleikar

séu haldnir í borg svo nálægt Íslandi og með jafn góðar flugsamgöngur við landið, en Icelandair flýgur tvisvar á dag til London“, segir Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair.







Á myndinni má sjá styrkþega fyrir London 2012 ásamt fulltrúum ÍSí.

## Ólympíusamhjálpin

Íþróttahreyfingin á Íslandi hefur notið styrkja Ólympíusamhjalparinnar á undanförunum árum. Fyrir Vetrarólympíuleikana í Vancouver voru fimm skíðamenn á einstaklingsstyrkjum hjá samhjálpinni. Haustið 2010 var gengið frá samningum Ólympíusamhjalparinnar við sérsambönd ÍSí og íþróttamanna þeirra vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London 2012. Um

er að ræða mánaðarlega styrki í allt að tvö ár fyrir leika auk ferðastyrks.

London 2012 styrkir:  
 Ásdís Hjálmsdóttir – FRÍ  
 Ásgeir Sigurgeirsson – STÍ  
 Helga Margrét Þorsteinsdóttir – FRÍ  
 Jakob Jóhann Sveinsson – SSÍ  
 Ragna Ingólfssdóttir – BSÍ  
 Þorbjörg Ágústsdóttir – SKY  
 Þormóður Árni Jónsson – JSÍ

Vancouver 2010 styrkir:  
 Árni Þorvaldsson – SKÍ  
 Björgvin Björgvinsson – SKÍ  
 Íris Guðmundsdóttir – SKÍ  
 Katrín Kristjánsdóttir – SKÍ  
 Stefán Jón Sigurgeirsson – SKÍ

Auk þess hefur A-landslið karla í handknattleik hlotið styrk frá Ólympíusamhjálpinni vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í London 2012.



Ómar Svavarsson, forstjóri Vodafone og Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSí.

## Samstarf við Vodafone

Íþrotta- og Ólympíusamband Íslands hefur endurnýjað samning sinn við Vodafone um fjarskiptaþjónustu fyrir sambandið. Samningurinn nær til farsímaþjónustu og fastlínuþjónustu sambandsins.

Með samningi ÍSí og Vodafone er leitað leiða til að lækka verulega fjarskiptakostnað sambandsins, sem vinnur á hverjum tíma markvisst að því að hagræða í rekstri og tryggja gæði þjónustunnar við aðildarfélög og almenning í landinu.



Taekwondodeild Ungmennafélags Fjöltnis sýnir á Ólympíudaginn 2010.

## Ólympíudagurinn

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og Ólympíufjölskylda ÍSÍ halda upp á Alþjóðlega Ólympíudaginn 23. júní ár hvert. Þann dag árið 1894 var Alþjóðaólympíunefndin stofnuð. Þetta er því sérstakur dagur í sögu íþróttanna. Markmið með Ólympíudeginum eru að; bjóða almenningi að kynnast gleði íþróttanna með

skemmtilegum æfingum og jákvæðri upplifun, halda á lofti mikilvægi hreyfingar og kynna gildi Ólympíuhreyfingarinnar. Á undanförunum tveimur árum hafa nokkur íþróttafélög tekið þátt í deginum með því að opna dyrnar fyrir almenningi að koma og prófa eina eða fleiri íþróttgreinar undir handleiðslu

þjálfara eða leikmanna. Einnig hafa Ólympíufarar mætt og tekið þátt í æfingunum með þátttakendum. Árið 2009 voru rúmlega 1.500 þátttakendur og árið 2010 tóku um 2.000 manns þátt. Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands skorar á íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd að taka þátt í deginum.




## Frímerki

Á síðasta ári gaf Íslandspóstur út frímerki í tilefni af þátttöku Íslands í fyrstu Ólympíuleikum ungmenna sem haldnir voru í ágúst í Singapore. Örn Smári Gíslason grafískur hönnuður útfærði frímerkið með hástökkvara og verðlaunapalli sem bókastafla og vísar þar til menntunar.

Á þessu ári mun Íslandspóstur gefa út fjögur frímerki tileinkuð mótorkjóra- og akstursíþróttum.

Frímerkin sýna kvartmílu, rallý, torfæru og motocross.

Hlynur Ólafsson hannaði frímerkin.





Nokkrir af íslensku þátttakendum á Vetrarólympíuleikunum í Cortína á Ítalíu árið 1956.

## Myndavefur ÍSÍ

Á heimasíðu ÍSÍ má finna tengil (<http://myndir.isi.is>) fyrir myndasafn ÍSÍ. Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að því að skanna gamlar myndir úr safni ÍSÍ og gera þær

aðgengilegar á netinu. Nú þegar eru komnar um 2.600 myndir í safnið. Ásamt ljósmyndum verður einnig hægt að nálgast gamlar myndbands-upptökur t.d. frá íþróttapíngum,

viðtöl við íþróttafólk, svipmyndir frá mótum og fleira á myndavefnum. Unnið er í því að vinna efni af myndbandsspólum á rafrænt form til birtingar á netinu.

## Tölvumál

Þarfir íþróttahreyfingarinnar í sambandi við tölvumál eru sífellt að aukast. ÍSÍ hefur tekið að sér auknar skyldur er varðar utanumhald og þjónustu við sérsambönd og aðra notendur í Laugardalnum, en fram til 2008 var mjög fjölbreytt tölvuþjónusta í Íþróttamiðstöðinni í höndum Íslenskrar Getspár. Umhverfi sambandsaðila inniheldur tölvubúnað sem kominn er til ára sinna samhliða nýjum búnaði. Eldri heimasíður sambandsaðila og tölvukerfi, eins og Fjöltnir, eru hýst hjá ÍSÍ samhliða nýju póstkerfi sambandsaðila.

Í byrjun ársins 2011 varð bilun í vélbúnaði sem orsakaði töluverða röskun hjá sambandsaðilum, en jafnframt kom í ljós hversu háð íþróttahreyfingin er tölvubúnaði þessum. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi þróun og viðhald á þeim búnaði sem er fyrir hendi. Þá þarf að leggja eldri hugbúnaði og vélbúnaði og finna hentugar lausnir fyrir rekstur kerfa. Mótakerfi og dagbókarkerfi fyrir íþróttamannvirki eru meðal þeirra þátta sem þörf er á að skoða, en það kerfi sem sinnir þeim málum í dag – Fjöltnir – er fyrir löngu komið á tíma.

## Heimasíða ÍSÍ

Heimasíða ÍSÍ sækir upplýsingar um sambandsaðila í Felix, upplýsingakerfi íþróttahreyfingarinnar. Mikilvægt er að sambandsaðilar séu með uppfærðar upplýsingar um stjórn og starfsfólk í kerfinu. Þá sækir heimasíðan RSS fréttir frá sambandsaðilum og birtir á síðunni.

Ýmsar upplýsingar um íþróttastarfið og starfsemi ÍSÍ má nú finna í efnisveitu á heimasíðunni. Þar hefur er ætluð að auka enn frekar framboð á efni frá helstu viðburðum á vegum ÍSÍ sem og skýrslur frá fyrri árum.

## Felix

Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, hefur nú verið í notkun í nokkur ár. Kerfið hefur að geyma fjölmarga þætti sem tengjast hinu daglega starfi sambandsaðila og er kerfið í dag tengt við mótakerfi nokkurra sérsambanda auk bókhaldskerfa. Sífelld er verið að vinna að endurbótum og þróun á kerfinu og þeim einingum sem þar eru að finna. Í byrjun ársins 2009 var kerfið fært í hýsingu hjá Skýrr, en fyrst um sinn var kerfið hýst hjá Getspá/Getraunum í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Fjölmargir aðilar og sérsambönd hafa lýst yfir áhuga á því að tengi-



ast kerfinu betur með það fyrir augum að efla þá möguleika sem íþróttahreyfingin hefur í tengslum við mótakerfi og önnur stoðkerfi starfsins. Felix er ekki eingöngu kerfi fyrir starfsskýrsluskil heldur eru fjölmargir notkunarmöguleikar fyrir hendi. Verið er að skoða framtíðaráherslur kerfisins og er mikilvægt að sem flestar einingar hreyfingarinnar komi að þeirri stefnumótun.

## Netbókhald

Í mars 2007 var gert samkomulag við Netbókhald.is er varðar afsláttarkjör á bókhalds- og fjárhagskerfum Netbókhalds.is fyrir íþróttahreyfinguna. Íþróttahreyfingin fær 50% afslátt af verðlista fyrirtækisins með því að ÍSÍ sjái um að greiða fyrir notkun íþróttahreyfingarinnar á tölvukerfinu í hverjum mánuði. ÍSÍ sendir síðan reikninga til sambandsaðila einu sinni til tvisvar á ári vegna notkunar þeirra. Mikil ánægja hefur ríkt meðal notenda íþróttahreyfingarinnar með þetta samkomulag. Það er á ábyrgð sambandsaðila að vera í sambandi við netbókhald.is vegna breytinga á áskrift og kennslu á kerfi fyrirtækisins.

## Íþróttamannvirki


ÍSÍ hefur haft umsjón með skráningum íþróttamannvirkja á sérstöðum vef og staðið að mestu undir kostnaði vegna þess verkefnis. Reglulega hefur verið kallað eftir upplýsingum um nýrri mannvirki og breytingar á upplýsingum um eldri mannvirki. Íþróttanefnd ríkisins hefur styrkt átak í að safna saman nýrri upplýs-

ingum um mannvirki og staðsetningu þeirra. Eins hefur ÍSÍ kallað eftir upplýsingum frá starfsmönnum sveitarfélaga og sérsambanda og verið er að skoða möguleika á birtingu gagna á kortavef. Árlega eru haldnar norrænar ráðstefnur þar sem rætt er um ýmsa þætti er tengjast þróun, regluumhverfi og uppbyggingu íþróttamannvirkja á

Norðurlöndum. ÍSÍ hefur tekið þátt í þessum ráðstefnum í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið en helstu þátttakendur eru opinberir aðilar frá hinum norðurlöndunum. Ráðstefnan 2010 fór fram á Íslandi á vegum Íþróttanefndar ráðuneytisins og gekk vel.

## Þátttaka í íþróttahreyfingunni – 2009

	Alls	KK	KVK	<15	16=<
Íbúar á Íslandi	319.246	161.548	157.698	71.238	248.008
Fjöldi iðkana	112.366	68.249	44.117	54.483	57.883
% af íbúafjölda	35,2%	42,2%	28,0%	76,5%	23,3%
Fjöldi iðkenda	81.981	49.367	32.614	34.522	47.459
% af íbúafjölda	25,7%	30,6%	20,7%	48,5%	19,1%
Fjöldi félagsaðilda	216.027	125.607	90.420	64.784	151.243
% af íbúafjölda	67,7%	77,8%	57,3%	90,9%	61,0%
Fjöldi félaga	147.921	82.919	65.002	40.884	107.037
% af íbúafjölda	46,3%	51,3%	41,2%	57,4%	43,2%



## Lyfjaeftirlit ÍSÍ

Lyfjaeftirlit er sem fyrr mikilvægur málaflokkur innan ÍSÍ. Verkaskipting er þannig að Lyfjaeftirlitsnefnd fer með skipulagningu og framkvæmd lyfjaeftirlits en Lyfjaráð fer með ákærvald í málum er varða brot á lyfjareglum. Í sameiningu sjá svó Lyfjaráð og Lyfjaeftirlitsnefnd um fræðslu og kynningarmál tengd lyfjamisnotkun og lyfjaeftirliti. Fjöldi lyfjaprófa hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Í kjölfar óhagstæðrar gengispróunar dró heldur úr fjölda prófa árið 2009. Er hann að

aukast aftur samhlíða bættri stöðu krónunnar. Í meðfylgjandi töflu má sjá yfirlit yfir fjölda prófa, hlutfall í og utan keppni og fjölda íþróttgreina sem prófin voru framkvæmd í. Auk framkvæmdar lyfjaprófs eru ýmis verkefni sem lyfjaeftirlit ÍSÍ fæst við. Meðal annars hafa verið haldnir fjölmargir fræðslufyrirlestrar fyrir íþróttamenn og íþróttamannahópa, oft fyrir keppnisferðir erlendis. Síðastliðna fjóra vetur hefur Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ í samvinnu við lyfjafræðideild Háskóla Íslands boðið

framhaldsskólum landsins uppá fræðslu um lyfjaeftirlitsmálefni. Hafa lyfjafræðinemar fengið fræðslu og þjálfun í lyfjaeftirliti og í framhaldinu útbúið fyrirlestur sem nemarnir hafa flutt í framhaldsskólum. Síðastliðið haust stóðu lyfjafræðinemar í HÍ í samstarfi við Lyfjaeftirlit ÍSÍ fyrir málþingi um lyfjaeftirlit í íþróttum. Nýjasta útgáfa fræðsluefnis er annarsvegar leiðbeiningar til íþróttamanna sem gefin var út í samstarfi við Alþjóðalyfjaeftirlitið. Hins vegar voru gefin út tvö veggspjöld í samvinnu við Íslensku auglýsingastofuna og með styrk frá forvarnasjóði UNESCO. Markmiðið með útgáfu veggspjaldanna er að minna á baráttuna gegn lyfjamisnotkun í íþróttum. Heimasvæði Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ er [www.lyfjaeftirlit.is](http://www.lyfjaeftirlit.is) þar er hægt að nálgast upplýsingar um helstu lög og reglur sem unnið er eftir. Einnig eru birtar tilkynningar um lyfjapróf sem framkvæmd eru og niðurstöður þegar þær liggja fyrir.

Ár	Í keppni	Hlutfall	Utan keppni	Hlutfall	Samtals	Fjöldi íþróttgreina
2004	81	74%	28	26%	109	16
2005	75	73%	28	27%	103	11
2006	85	59%	59	41%	144	14
2007	101	64%	58	36%	159	19
2008	87	49%	89	51%	176	18
2009	71	56%	57	45%	128	18
2010	93	62%	57	38%	150	20



42. ársþing ÍSÍ árið 1955.

## 100 ára afmæli ÍSÍ

Á árinu 2012 fagnar ÍSÍ 100 ára afmæli sambandsins. Íþróttasamband Íslands var stofnað þann 28. janúar 1912 í Bårubúð sem var staðsett þar sem Ráðhús Reykjavíkur stendur í

dag. Afmælisnefnd er að störfum og eru fjölmargar hugmyndir og verkefni í vinnslu hjá nefndinni. Stefnt er að því að Íþróttahátíð ÍSÍ fari fram á afmælisárinu og að sögu

íþróttahreyfingarinnar verði gerð góð skil. Þá er afmælisbók í vinnslu og margt fleira.

ÍSÍ var stofnað til að vinna að undirbúningi fyrir þátttöku Íslendinga í Ólympíuleikunum í Stokkhólmi árið 1912. 100 árum síðar fara Ólympíuleikarnir fram í London, árið 2012, en það var einmitt í þeirri borg sem fyrsti Íslendingurinn tók þátt í þessum stóru leikum, Jóhannes Jósefsson, árið 1908.



Stjórn ÍSÍ 1918-1922.





Íþróttamenn og íþróttakonur séríþróttagreina ÍSÍ 2010.

## Hóf Íþróttamanns ársins

ÍSÍ og Samtök íþróttافرéttamanna hafa sameinast um árleg hóf þar sem ÍSÍ og Ólympíufjölskyldan hafa heiðrað íþróttamenn sérgreina viðkomandi sérsambanda og séríþróttanefnda og Samtök íþróttافرéttamanna hafa lýst kjöri Íþróttamanns ársins.

Árið 2005 var bikar Samtaka íþróttافرéttamanna afhentur Íþróttamanni ársins í 50. skipti og við það tækifæri var bikarinn afhentur Þjóðminjasafninu til varðveislu. Íþróttamaður ársins 2006 fékk því nýjan verðlaunagrip afhentan, grip sem Íþróttá- og Ólympíu-samband Íslands lét Sigurð Inga Bjarnason gullsmið hanna og útbúa og ætlaður er Íþróttamanni ársins næstu 50 ára. Gripurinn var kostaður úr minningarsjóðum ÍSÍ og er tileinkaður minningu látinna íþróttamanna, íþróttáforystumanna og íþróttافرéttamanna. Íþróttamaður ársins fær einnig eignarbikar sem vísar til stóra verðlaunagripsins og hannaður er af sama gullsmið.

Handhafar titilsins Íþróttamaður ársins frá tilkomu nýja verðlaunagripsins:

Árið 2006 - Guðjón Valur Sigurðsson, handknattleikur

Árið 2007 - Margrét Lára Viðarsdóttir, knattspyrna

Árið 2008 - Ólafur Stefánsson, handknattleikur

Árið 2009 - Ólafur Stefánsson, handknattleikur

Árið 2010 – Alexander Petersson, handknattleikur



Alexander Petersson, íþróttamaður ársins 2010.



Frá málþingi um Afreksstefnu ÍSí 2011.

## Málþing um Afreksstefnu ÍSí


Afrekssvið ÍSí boðaði til málþings með fulltrúum sérsambanda í marsmánuði 2011. Á dagskrá var að ræða Afreksstefnu ÍSí sem samþykkt var á síðasta Íþróttþingi og velta upp ýmsum þáttum er tengjast henni. Eftir framsögu frá afrekssviði ÍSí tóku við umræður í hópum þar sem um 50 fulltrúar frá nánast öllum sérsamböndum ÍSí ræddu um skilgreiningar á afreksmanni og afreksefnum, umhverfi afreksíþrótta, áherslur, árangur og fleiri þætti afreksíþrótta.

Ljóst er að málþing sem þetta er nauðsynlegt og mikilvægur þáttur í samskiptum og samvinnu sambandsaðila. Samkvæmt samþykkt Íþróttþings skal afreksstefna sambandsins vera til umfjöllunar á Íþróttþingum. Málþingið var hugsað til að fá fram skoðanir og áherslur frá íþróttahreyfingunni til að vinna með á því Íþróttþingi sem er framundan. Nauðsynlegt er að sambandsaðilar fjalli um afreksstefnu sína á sambandsþingum og vinni sameiginlega



Umræðuhópur að störfum á málþingi um Afreksstefnu ÍSí.

með öðrum aðilum hreyfingarinnar að mótun hennar.







## Samstarf við Ólympíufjölskyldu ÍSí

Í Ólympíufjölskyldu ÍSí eru fjögur fyrirtæki, þ.e. Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá, og Valitor. Öll þessi fyrirtæki hafa stutt dyggilega við bakið á ÍSí og íslenski íþróttahreyfingu til margra ára, meðal annars með þátttöku í

Ólympíufjölskyldu ÍSí og aðkomu að einstökum verkefnum. Á árinu 2010 voru endurnýjaðir samstarfssamningar við þessi fjögur landsþekktu fyrirtæki sem sannarlega hafa reynst traustir bakhjarlar við starfsemi ÍSí.

Með bjartsýni að leiðarljósi ganga ÍSí og aðilar Ólympíufjölskyldu ÍSí til áframhaldandi samstarfs með það að markmiði að efla íslenskt íþróttalíf og þátttöku Íslands á erlendum vettvangi.



## Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSí

Til Afrekskvennasjóðs Íslandsbanka og ÍSí var stofnað með stofnframlagi bankans árið 2007. Meginmarkmið sjóðsins er að styðja við bakið á afrekskonum í íþróttum og gera þeim betur kleift að stunda sína íþrótt og ná árangri. Í stjórn sjóðsins sitja þær Svafa Grönfeldt formaður, Vanda Sigurgeirsdóttir og Þórdís Gísladóttir. Vala Flosadóttir átti sæti í sjóðsstjórninni fyrstu þrjú árin. Frá upphafi hafa umsóknir verið mjög margar og fjölbreytilegar og ekki verið hægt að veita nema litlu broti af umsækjendum styrk.



Frá úthlutun haustið 2010.

## Ferðasjóður íþróttafélaga

Á árinu 2007 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á fót Ferðasjóði íþróttafélaga innan vébanda ÍSí og var ÍSí falin umsjón og umsýsla sjóðsins.

Ferðasjóði íþróttafélaga er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrotta- og forvarnarstarf. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að öruggum ferðamáta íþróttafólks.

Á Fjárlögum Alþingis fyrir árið 2011 er framlag til sjóðsins 54,1 m.kr.

Framlagið var skert um 3 m.kr. árið 2010 og 2,9 m.kr. árið 2011. Er þá ótalin frestun á 30 m.kr. hækkun til sjóðsins sem áætlað var að kæmi til greiðslu árið 2009.

Þann 18. febrúar var styrkjum úthlutað úr Ferðasjóði íþróttafélaga vegna keppnisferða sem farnar voru á árinu 2010. Til úthlutunar að þessu sinni voru 57 m.kr.

Alls bárust sjóðnum 247 umsóknir frá 120 félögum/deildum í 23 íþrottahéruðum. Sótt var um styrki vegna 23 íþrottagreina. Heildarkostnaður umsókna var ríflega 383 m.kr.

Styrkurinn er greiddur beint til viðkomandi íþróttafélaga og deilda.

Styrkurinn hefur haft gríðarlega mikið gildi fyrir íþróttafélög um allt land og skipt sköpum varðandi þátttöku í mótum, ekki síst hjá þeim félögum sem lengst þurfa að ferðast í mót.

Þegar umsóknirnar eru skoðaðar kemur berlega í ljós sú mikla vinna sem unnin er í íþróttafélögum á landsvísi í því skyni að gefa íþróttaiðkendum í dreifðustu byggðum tækifæri til að keppa við jafnaldra

sína í íþróttum. Dæmi eru m.a. um að ekið sé með iðkendum ríflega 200 km leið aðra leið til æfinga til að stúlkur úr tveimur íþróttafélögum geti sent sameiginlegt lið til þátttöku í Íslandsmóti í knattspyrnu.

Úthlutun 2009		Úthlutun 2010	
Samband	Úthlutun pr. hérað	Samband	Úthlutun pr. hérað
HSB	30.372	HHF	86.180
HSH	2.473.587	HSB	32.067
HSK	2.722.459	HSH	3.494.741
	3.337	HSK	1.859.187
HSV	2.263.949	HSS	
HSP	1.537.278	HSV	2.370.449
ÍA	302.416	HSP	1.124.571
ÍBA	13.855.561	ÍA	250.233
ÍBH	3.731.111	ÍBA	12.242.190
ÍBR	8.300.805	ÍBH	1.528.256
ÍBS	794.368	ÍBR	8.706.445
ÍBV	5.629.286	ÍBS	612.232
ÍRB	1.045.819	ÍBV	5.647.366
ÍS	800.197	ÍRB	1.081.538
UÍA	5.554.416	ÍS	836.330
UÍÓ	729.360	UÍA	6.297.462
UMSB	150.524	UÍÓ	476.003
UMSE	536.570	UMSB	350.352
UMSK	4.871.198	UMSE	307.736
UMSS	2.057.293	UMSK	4.610.815
UNP	161.315	UMSS	1.760.336
USAH	258.141	UNP	111.599
USÚ	2.109.479	USAH	203.507
USVH	81.150	USÚ	2.887.335
	59.999.991	USVH	123.041
			56.999.971

## ÍSí fréttir - vefrit

Fyrir nokkrum árum komu ÍSí fréttir út með reglulegum hætti og voru efnistöð víðtæk. Var fréttabréfið mikilvægur hlekkur í upplýsingastreymi sambandsins. Nú hefur þessi útgáfa verið endurvakin, en að þessu sinni með vefriti og eru ný tölublöð aðgengileg á heimasíðu ÍSí.

Efnistöð verða fjölbreytt og reynt verður að gera sem flestum viðburðum ÍSí skil í blaðinu. Sambandsaðilar eru hvattir til þess að áframsenda upplýsingar um vefritið á sem flesta og kynna þannig starfsemi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.



Úthlutun 2009		Úthlutun 2010	
Samband	Úthlutun pr. íþrótt	Samband	Úthlutun pr. íþrótt
Akstursíþróttir	177.907	Badminton	102.237
Badminton	18.977	Blak	3.205.613
Blak	3.276.426	Borðtennis	21.510
Borðtennis	18.404	Dans	32.067
Dans	30.372	Fimleikar	530.767
Fimleikar	902.617	Frjálsíþróttir	850.433
Frjálsíþróttir	917.594	Glíma	181.975
Glíma	205.125	Golf	308.807
Golf	212.004	Handknattleikur	10.954.439
Handknattleikur	11.408.996	Hestaíþróttir	9.437
		Hjólreiðar	94.729
Íþróttir fatlaðra	185.277	Íþróttir fatlaðra	220.971
Júdó	283.571	Júdó	316.700
Knattspyrna	31.326.074	Knattspyrna	28.910.572
		Kraftlyftingar	20.603
Taekwondo	305.568	Taekwondo	154.159
Körfuknattleikur	6.718.422	Körfuknattleikur	7.586.232
Mótorhj.- og snjósleðaíþ.	307.663	Mótorhj.- og snjósleðaíþ.	266.336
		Siglingar	25.202
Skautaíþróttir	2.219.635	Skautaíþróttir	1.940.503
Skíðaíþróttir	1.226.975	Skíðaíþróttir	1.042.198
Skotíþróttir	15.067	Skotíþróttir	22.277
Sund	243.317	Sund	202.204
	59.999.991		56.999.971

## Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa

Erfið staða hefur verið hjá íþróttaslysasjóði síðastliðin tvö ár. Eftir efnahagshrunið 2008 fjölgaði umsóknum um endurgreiðslu úr sjóðnum hratt, viðmið Tryggingastofnunar ríkisins til afsláttarkjara hækkuðu umtalsvert og einingarverð læknisþjónustu og sjúkraþjálfunar hækkuðu. Snemma árið 2010 var ljóst að sjóðurinn stæði ekki undir endurgreiðslum á þeim umsóknum sem bárust vegna árána 2009 og 2010. ÍSÍ hafði samband við heilbrigðisráðuneytið og óskaði eftir viðbótarframlagi í sjóðinn með tilliti til þess að framlag til sjóðsins hefur verið það sama frá árinu 2002 þrátt fyrir miklar breytingar á verðlagi. Tekin var sú ákvörðun að bíða með allar umsóknir vegna slysa sem áttu sér

stað á árinu 2010 þar til svör höfðu borist frá ráðuneytinu. Eftir samskipti við ráðuneytið var ljóst að ekki yrði um frekari fjárframlög til sjóðsins að ræða og því var tekin sú ákvörðun síðsumars 2010 að lækka endurgreiðsluhlutfall úr sjóðnum úr 80% niður í 40%. Eins var ákveðið að í forgangi væru slys er áttu sér stað árið 2009 þar sem ekki var tryggt að það fé sem í sjóðnum var dygði fyrir endurgreiðslum vegna umsókna þess árs. Á Fjárlögum Alþingis 2011 varð frekari skerðing á framlagi til sjóðsins og mun því endurgreiðsluhlutfall verða óbreytt í 40% að svo stöddu. Framlag til sjóðsins á Fjárlögum 2011 er 17,8 m.kr. Mikil óánægja ríkir innan íþróttahreyfingarinnar vegna þessarar

## Styrkur til sérsambanda

Árið 2006 var gerður samningur til þriggja ára um framlag ríkisins til sérsambanda ÍSÍ. Á tímabilinu 2007-2009 skuldbatt ríkið sig til að greiða 160 milljónir til sérsambanda ÍSÍ til að standa undir starfsmannahaldi og rekstri skrifstofa. Skipting framlagsins var eftirfarandi: á árinu 2007 kr. 30 m.kr., á árinu 2008 kr. 60 m.kr. og á árinu 2009 70 m.kr.

Á Fjárlögum Alþingis fyrir árið 2010 var framlag til sérsambanda ÍSÍ 63,7 m.kr. og á fjárlögum 2011 61,8 m.kr.

Ekki var ráðist í að gera sérstakan samning vegna framlaga síðustu tveggja ára þar sem efnahagsástand var óstöðugt en fyrirhugað er að gera samkomulag um stuðning ríkisins til sérsambanda ÍSÍ til lengri tíma.

Styrkur þessi hefur skipt sköpum fyrir sérsamböndin og gert þeim mögulegt að ráða til sín starfsmann í fullt starf eða hlutastarf. Nauðsynlegt er að auka fjármagn til reksturs sérsambanda til að efla enn frekar viðkomandi íþróttagreinar á landsvísu og standa undir kröfum samfélagsins um faglegt starf. Auk þess fjölgar sérsamböndum ÍSÍ og nauðsynlegt að mæta aukinni fjárförf til reksturs nýrra sambanda.

skerðingar og hafa einstakir sambandsaðilar sent áskorun til Velferðarráðuneytisins um hækkun á framlagi til sjóðsins. Endurgreiðslur vegna íþróttaslysa er mikið hagsmunamál fyrir alla þá sem að máli koma og þá sérstaklega fjölskyldur íþróttaiðkenda sem verða fyrir íþróttaslysi.

# Getspá – Getraunir: Hornsteinninn í fjármögnun íþróttastarfs á Íslandi

Sala í leikjum Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna hefur skipt sköpum fyrir starfsemi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Þýðing þessa fjárframlags til starfsemi íþróttahreyfingarinnar hefur aldrei verið mikilvægari eins og nú, þegar framlög sveitarfélaga, fyrirtækja og ríkisvalds hafa dregist saman sökum kreppunnar.


Mikil áhersla hefur verið lögð á að reyna að auka sölu í leikjum Getspár og Getrauna og sem betur fer hefur hin íslenska þjóð brugðist vel við háum vinningum. Erlend samkeppni er enn til staðar, þrátt fyrir að Alþingi hafi einróma samþykkt að skerpa á lögum nr. 38/2005 sem miða að því að banna auglýsingar erlendra fyrirtækja á þessu sviði. Það veur sérstaka athygli að enn komast erlendir aðilar upp með að auglýsa, þó í fáum fjölmöldum, án þess að ríkisvaldið og lögreglufirvöld hafi brugðist við. Á undanförunum tveimur árum hafa samtök listamanna í landinu markvisst sett fram kröfur og hugmyndir um aðkomu þeirra að hagnaði Íslenskrar getspár. Málflutningur þessara samtaka og hugmyndafræði í þessu máli er með eindæmum. Vert er að halda því til haga að Íslensk getspá er stofnuð árið 1986 af þremur aðilum, Íþróttta- og Ólympíusambandi Íslands (46,67%), Öryrkjabandalagi Íslands (40%) og Ungmennafélagi Íslands (13,33%) og er í eigu þessara þriggja samtaka. Þessir þrjú aðilar hafa alfarið fjármagnað uppbyggingu fyrirtækisins og ekki hefur komið ein króna úr ríkissjóði í þá uppbyggingu. Íslensk getspá hefur starfsleyfi, samkvæmt samþykkt Alþingis, til loka árs 2018. Kröfur listamanna eru klárlega aðför að eigendum fyrirtækisins en innan vébanda eigenda fyrirtækisins

eru tæplega 2/3 hluta þjóðarinnar. Íslensk íþróttahreyfing verður að standa saman, sem einn maður, að verja fyrirtækið því þarna eru gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir í húfi til framtíðar.


Stjórnir beggja fyrirtækja hafa lagt mikla áherslu á að hámarka arð og draga úr kostnaði. Á undanförunum misserum hefur verið dregið úr starfsmannahaldi og í dag starfa hjá fyrirtækinu 20 manns í föstu starfi. Á þessu ári eru liðin 25 ár frá því að Íslensk getspá tók til starfa. Á þeim tíma hafa eigendur fyrirtækisins fengið 10 milljarða til starfsemi sinnar

á föstu verðlagi. Þetta er fé sem klárlega hefur verið hornsteinninn í uppbyggingu íþróttastarfs á Íslandi. Fulltrúar ÍSÍ í stjórn Íslenskrar getspár eru þeir Lárus Blöndal og Gunnar Bragason. Aðrir í stjórn eru Vífill Oddsson frá ÖBÍ, Þóra Þórarinsdóttir ÖBÍ og Helga Guðjónsdóttir frá UMFÍ. Fulltrúi ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Hafsteinn Pálsson. Aðrir í stjórn eru: Geir Þorsteinsson KSÍ, Lilja Sigurðardóttir ÍBR, Óskar Ármannsson Íþróttanefnd ríkisins og Helga Guðjónsdóttir UMFÍ. Framkvæmdastjóri Getspár og Getrauna er Stefán Konráðsson.

Heildarvelta Íslenskra getrauna



Heildarvelta Íslenskrar getspár



## Fjárframlög frá Alþingi til íþróttahreyfingarinnar

Um áramótin 2008 runnu út samningar um fjárstyrki til Afrekssjóðs ÍSí, sérsambanda og til Ferðasjóðs íþróttafélaga og lengi ríkti alger óvissa um áframhaldandi framlög ríkisins til þessara málaflokka. Enn ríkir óvissa um þessa þætti og hefur íþróttahreyfingin orðið fyrir skerðingum á framlagi, sem og frestun á hluta áður samþykktu styrkja. Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir

hreyfinguna og hefur ÍSí lagt á það ríka áherslu að framlög til íþróttamála verði ekki skert þrátt fyrir erfitt árferði hjá ríkinu. Efnahagshrunið varð til þess að tvær meginstoðir íþróttahreyfingarinnar í tekjuöflun brustu. Fyrirtæki í landinu hafa ekki lengur tök á að styrkja íþróttahreyfinguna að neinu marki og þrengt hefur að fjárhag fjölskyldna svo um munar.

Það er mikilvægt að ríkisvaldið og opinberir aðilar standi vörð um íþróttastarfið í landinu og skerði ekki framlög til íþróttastarfsins á þessum tímum þar sem lífsnauðsynlegt er fyrir alla þjóðina að halda heilsu og tryggja að börn og ungmenni fái áfram nauðsynlega hreyfingu og félagslegan stuðning sem íþróttahreyfingin getur veitt þeim.

### Fjárlög Alþingis

Samanburður á fjárframlögum Alþingis	2009	2010	2011
Rekstrarstyrkur	89.900.000	81.800.000	89.300.000
Aftekssjóður	30.000.000	25.500.000	24.700.000
Lyfjaeftirlit	12.000.000	12.000.000	12.000.000
Smáþjóðaleikar/Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar/	10.000.000	8.000.000	8.000.000
Ólympíuleikar/Ólympíuleikar ungmenna	8.000.000	7.000.000	5.000.000
Sérsambönd	70.000.000	63.700.000	61.800.000
Ferðasjóður íþróttafélaga	60.000.000	57.000.000	54.100.000
<b>Samtals:</b>	<b>279.900.000</b>	<b>255.000.000</b>	<b>254.900.000</b>

## Aftekssjóður ÍSí

Í byrjun árs er úthlutað úr Afrekssjóði ÍSí. Heildarúthlutun á síðustu árum hefur verið í kringum 50 m.kr. Sérstök reglugerð gildir um sjóðinn og er hann fjármagnaður með framlagi af fjárlögum sem og skilgreindu hlutfalli af lottótekjum íþróttahreyfingarinnar. Framlag ríkisins hefur lækkað á undanförunum árum en 2009 var framlagið 30 m.kr. sem lækkaði í 25,5 m.kr. 2010 og fyrir 2011 er það 24,7 m.kr. Á árinu 2009 var heildarúthlutun sjóðsins 44.620.000 sem skiptist á 19 sérsambönd og eina séríþróttanefnd. Alls voru það styrkir vegna 21 íþróttamanna og 21 landsliðsverkefna/liða.

Veittur var einn A styrkur, 8 B-styrkir, 4 C-styrkir og 8 eingreiðslustyrkir. Á árinu 2010 var heildarúthlutun sjóðsins 49.870.000 sem skiptist á 19 sérsambönd. Alls voru það styrkir vegna 28 íþróttamanna og 18 landsliðsverkefna/liða. Eins og árið áður var veittur einn A-styrkur en 7 B-styrkir, 6 C-styrkir og 14 eingreiðslustyrkir. Í upphafi ársins 2011 var tilkynnt um fyrstu úthlutun fyrir 2011 sem var 46.040.000. 18 sérsambönd hlutu styrk að þessu sinni og voru það styrkir vegna 26 einstaklinga og 18 verkefna/liða. Einn A-styrkur var veittur, 10 B-styrkir og 4 C-styrkir auk 11 eingreiðslustyrkja.

Auk þess styrkir Afrekssjóður ÍSí þjónustu fagteymis fyrir styrkþega og er ákveðnu fjármagni veitt í þá þjónustu á hverju ár.

## Verkefnasjóður

Verkefnasjóður ÍSí úthlutar á hverju ári styrkjum til þjálfara sem hyggjast sækja námskeið eða fræðslu erlendis, auk þess að styðja við verðug útbreiðslu- og kynningarverkefni á landsvísu. Sambandsaðilar eru hvattir til að nýta sér árlegt fjármagn Verkefnasjóðs ÍSí til útbreiðslu og uppbyggingar. Reglugerð sjóðsins er að finna á heimasíðu ÍSí.



Hópmýnd af styrkþegum 2009.

## Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna

Styrktarsjóður ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna miðar að því að styðja við og efla íþróttaiðkun efnilegs íþróttafólks á aldrinum 15 – 18 ára. Árlega eru um 40 einstaklingar á styrk hjá sjóðnum auk þess sem hópar hljóta styrki til keppni erlendis. Stuðningur sjóðsins felst í fjárstuðningi til sérsambanda viðkomandi styrkþega og fræðslu til styrkþega í formi fræðsluverkefnis sem gengur undir heitinu „Vítamín“. Markmið fræðslunnar er að efla íþróttafólkið í andlegum undirbúningi með kennslu í íþróttasálfræði, kynna því fyrir nýjustu tækni í mælingum og rannsóknum, æfa það í framkomu og bjóða því tækifæri á að spjalla við jafningja sína úr hinum ýmsu íþróttageinum.



Gauti Grétarsson sjúkráþjálfari fer yfir nýjar rannsóknir og mælingar með styrkþegum.

### Ímyndarkönnun

Að beiðni vinnuhóps ÍSÍ um ímyndar- og kynningarmál samþykkti framkvæmdastjórn ÍSÍ að ráða MMR, markaðs- og miðlarannsóknir ehf til að gera könnun á ímynd ÍSÍ og mat á vörumerkinu ÍSÍ. Þátttakendur voru Íslendingar á aldrinum 18-80 ára sem valdir voru handahófskennt af netpanel MMR og tilviljanakennt úr þjóðskrá. Gagnaöflun fór fram

dagana 19. október – 3. nóvember 2010. Fjöldi þátttakenda var 880. Niðurstöður gáfu nokkuð glögga mynd af vitneskju almennings um Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands og kjarnastarfsemi þess og voru jákvæðar fyrir ÍSÍ. ÍSÍ mun nýta niðurstöðurnar til að marka sér skýrari stefnu í markaðs- og kynningarmálum og skapa sér tækifæri á þeim vettvangi sem á þarf að sækja.



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

## Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Frá Íþróttabingi ÍSÍ 2009 hafa 33 viðurkenningar verið afhentar ef endurnýjanir viðurkenninga sem eru 15 talsins eru taldar með. Fjöldi íþróttafélaga sem fengið hafa viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag

ÍSÍ frá upphafi verkefnisins 2003 er nú 53. Að deildum meðtöldum eru útskriftir orðnar 111 og alls 142 viðurkenningar hafa verið veittar ef endurnýjanir viðurkenninga eru taldar með. Knattspyrnufélag Reykja-

víkur fékk afhenta viðurkenningu nr. 100 þegar 7 deildir félagsins urðu fyrirmyndardeildir 10. nóv. 2009. Fimmtán héraðssambönd/Íþróttabandalög eiga nú eitt eða fleiri fyrirmyndarfélög innan sinna raða.

## Fræðslumál

ÍSÍ hefur staðið fyrir miklum fjölda námskeiða og annarra fræðsluviðburða á tímabilinu. Þjálfaranám í fjarnámi hefur notið mikilla vinsælda og er nú boðið upp á nám í þjálfaramenntun í fjarnámi bæði á 1. og 2. stigi og gildir námið jafnt fyrir allar íþróttgreinar.

### Fjarnám á 1. og 2. stigi ÍSÍ í þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ á 1. stigi almenns hluta er afar vinsælt. Um 73 nemendur luku námi árið 2009 á þremur námskeiðum og um 50 nemendur á jafn mörgum námskeiðum árið 2010. Samtals er um 60 kennslustunda nám að ræða eða sem samsvarar ÍþF 1024 í framhaldsskólum.

Fjarnám ÍSÍ á 2. stigi fór af stað haustið 2010 og luku alls 38 nemendur því námi með tilskyldum árangri.

Unnið er að námsefnisgerð fyrir 3. stig þjálfaramenntunar ÍSÍ og standa vonir til þess að unnt verði að bjóða upp á það nám veturinn 2011-2012.

### Þjálfaramenntun sérsambanda

Þó nokkur sérsambönd eru komin með sín fræðslumál í ágætan farveg og sum hver mjög góðan. Þar hefur mikil vinna farið fram við endurskipulagningu og mörkun stefnu í málaflokknum. Önnur sérsambönd eru styttra á veg komin.

## Samstarf við menntastofnanir

ÍSÍ hefur á undanförunum árum verið í góðu samstarfi við hinar ýmsu menntastofnanir landsins að ógleymsdu afar góðu samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Gott samstarf er á milli ÍSÍ og framhaldsskólanna t.d. vegna náms-efnis á 1. stigi þjálfaramenntunar ÍSÍ sem samsvarar námi í ÍþF 1024 í framhaldsskólunum. ÍSÍ hefur einnig átt ágætis samstarf HÍ, HR og Íþróttakademiuna í Reykjanesbæ. Fjöldi grunnskóla er með námsefni frá ÍSÍ til notkunar í íþróttavali elstu bekkja og er það sama námsefni og kennt er á þjálfaranámskeiði 1a hjá ÍSÍ.



## Forvarnardagurinn

ÍSí hefur komið að Forvarnardeg-inum frá upphafi verkefnisins. Forvarnardagurinn, sem er hugmynd forseta Íslands, herra Ólafs Ragnars Grímssonar, er árlegt forvarnarverk-

efni sem nemendur 9. bekkjar nær allra grunnskóla landsins taka þátt í. Niðurstöður verkefnisins eru unnar út frá skoðunum unglínganna sjálfra og eru þær afar athyglisverðar. Litið

er til þeirra niðurstaðna af þeim aðilum sem vinna í forvarnarstarfi enda má líklegt teljast að þær aðferðir sem unglíngarnir sjálfir stinga upp á virki vel.

## Áttavitinn

Á heimasíðu ÍSí má finna nýtt fræðsluefni sem kallast Áttavitinn. Í Áttavitanum er fræðsluefni um íþrótt- og ólympíuhreyfinguna á Íslandi. Þar er að finna upplýsingar um uppbyggingu, starfsemi og skipulag hinna mörgu ólíku eininga sem hreyfingarnar eru byggðar á. Auk þess er kafli um skipulag. Þar eru meðal annars upplýsingar um samskipti við fjölmiðla, að búa til starfslýsingu, fjáröflun, gerð fréttatilkynninga, fararstjórnun, stofnun íþróttafélags o.fl.

## Viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefur tekið saman viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum. Áætlunin tekur til iðkenda og starfsmanna/sjálfbóðaliða í starfi innan íþróttahreyfingarinnar. Yfirmenn og aðrir samstarfsmenn geta gegnt mikilvægu stuðningshlutverki ef óvæntir atburðir eiga sér stað. Ennfremur getur stuðningur starfsmanna við börn sem verða fyrir áfalli haft mikið að segja. Oft felst mesta hjálpin í að vera góður hlustandi, vera til staðar og gefa viðkomandi tíma. Aldrei má vanmeta gildi þess að ættingjar, vinir, vinnufélagar og aðrir í samfé-

laginu sýni þeim sem eiga um sárt að binda samkennd og stuðning í orði og verki.

Þessi viðbragðsáætlun Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands er einungis grunnur fyrir viðbragðsáætlanir íþróttafélaga innan íþróttahreyfingarinnar. Áætlunin var unnin með hliðsjón af viðbragðsáætlun Íþrótt- og Tólmstundaráðs Reykjavíkur með góðfúslegu leyfi þess. Æskilegt er að íþróttafélög deili með sér hugmyndum og reynslu á þessu sviði og komi sér upp eigin viðbragðsáætlun þar sem atriði úr þessu skjali eru höfð til hliðsjónar.

Á heimasíðu ÍSí má einnig finna ítarefni um einelti og kynferðislegt ofbeldi.



## Útgáfumál

ÍSí hefur gefið út fjölda bæklinga um hin ýmsu málefni sem snerta íþróttastarfið. Margir þeirra eru afar vinsælir og ganga hratt út. Tveir nýir bæklingar voru gefnir út af Fræðslu-sviði ÍSí í september 2010, annars vegar „Íþróttir – foreldrar og börn“ og hins vegar „Íþróttir – félagslega hliðin“. Bæklingarnir eru aðgengilegir á heimasíðu ÍSí.



## Alþjóða Ólympíuakademían



Alþjóða Ólympíuakademían stendur árlega fyrir ýmsum námskeiðum. Eru námskeiðin haldin í húsakynnum Ólympíuakademíunnar í Ólympíu hinni fornu. Meðal námskeiða sem boðið er uppá er námskeið fyrir íþróttáfréttamenn, unga þátttakendur, verðlaunahafa af Ólympíuleikum og námsfólk sem leggur stund á Ólympískar rannsóknir. Árlega sendir ÍSí tvo þátttakendur á námskeið ungra þátttakenda, karl og konu. Meðal þess sem fer fram á námskeiðinu eru fyrirlestrar um Ólympíuhreyfinguna



Sölvi Guðmundsson og Ingibjörg K. Halldórsdóttir á undirbúningsfundum vegna IOA 2010

og gildi Ólympíuleikanna. Auk þess hafa þátttakendurnir rúman tíma til að stunda ýmiss konar íþróttir og kynnast ríkulega búnu bókasafni akademíunnar. Árið 2009 var fjallað sérstaklega um leikana í Peking 2008 og leiðina til Vancouver. Þátttakendur voru þau Karl Jóhann Garðarsson og Lovísa Hreinsdóttir. 2010 var námskeið ungra þátttakenda haldið í fimmtugasta sinn.



Karl Jóhann Garðarsson og Lovísa Hreinsdóttir í Ólympíu 2009

## Norrænar skólaíþróttir

ÍSí hefur tekið við umsjón og utanumhald norræna skólahlaupsins af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þátttaka grunnskólanna í þessu hlaupi er ágæt og árið 2010 hlupu nemendur frá um 30 skólum rúmlega 17.000 km.

Einn 7. bekkur frá Íslandi, Grunnskóli Borgarfjarðar að Kleppjárnsreykjum var dreginn úr umsóknum til að fara út til Ebeltoft í Danmörku í september 2009 á styrk frá Norrænu skólaíþróttanefndinni.

## Skólahreysti

Skólahreysti er skólakeppni í hreysti. Skólaíþróttanefnd ÍSí hefur frá upphafi keppninnar verið samstarfsaðili um „Skólahreysti“. Keppnin hefur farið fram um land allt frá árinu 2006. Þátttökurétt hafa drengir og stúlkur í 9. og 10. bekk grunnskóla. Tveir drengir og tvær stúlkur keppa fyrir hönd hvers skóla. Drengirnir keppa í upphífungum og dýfum en stúlkurnar í armbeygjum og hreystigreip. Auk þess er sérstök þrautabraut samsett úr ellefu þrautum sem einn drengur og ein stúlka keppa í frá hverjum skóla. Þátttaka hefur farið stöðugt vaxandi ár frá ári og er „Skólahreysti“ orðinn liður í íþróttakennslu víða um land. Hægt er að kaupa áhöld sem nýtast til kennslu í Skólahreysti greinum og hægt er að fá sérstaka Skólahreysti velli sem settir eru upp utandyra. Sýnt hefur verið frá „Skólahreysti“ í Ríkissjónvarpinu síðustu árin og hefur það orðið til að auka útbreiðslu og áhuga enn frekar.

Þá var fjallað sérstaklega um hvernig íþróttahreyfingin geti stuðlað að friði, þátttakendur fyrir Íslands hönd voru þau Ingibjörg K. Halldórsdóttir og Sölvi Guðmundsson.

Einn 9. bekkur frá Sjólandsskóla í Garðabæ var svo dreginn út til að fara á Vetrarleika í Lillehammer í Noregi í janúar 2010 einnig á styrk frá fyrrgreindri nefnd. Skólustjórar ofangreindra skóla skiluðu skýrslu til ÍSí um ferðirnar og voru nemendur sem kennarar afar ánægðir með ferðirnar í heild sinni.



Fyrirlesarar á íþróttasálfræðiráðstefnu ÍSÍ og HR.

## Ráðstefnur

ÍSÍ hélt ráðstefnu í apríl 2010 í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ um starf íþróttþjálfara. Mikill fjöldi fólks sótti ráðstefnuna sem var í E-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Fjöldi íslenskra og erlendra fyrirlesara fjölluðu um hlutverk íþróttþjálfarans út frá ýmsum sjónarhornum. Framundan er stór norræn ráðstefna um barna- og unglingaíþróttir sem fram fer í Lillehammer í Noregi í september 2011. Ráðstefnan er í röð ráðstefna sem haldnar eru á þriggja ára fresti, síðast á Íslandi árið 2008. Átta sérsamböndum/íþróttanefndum er að venju boðin þátttaka í ráðstefnunni og að þessu sinni eru

það KKÍ, ÍHÍ, JSÍ, FSÍ, BLÍ, LH, Hnefaleikanefnd og Bandínefnd.

### Hádegisfundir ÍSÍ

ÍSÍ hefur boðið upp á hádegisfundi einu sinni í mánuði yfir vetrartímam. Tengsl afmælisdaga við árangur í íþróttum, rannsóknirnar „Ungt fólk“, hugmyndafræði þjálfrafræðingsins Dr. Istavan Balyi, nýjungar í lyfjamálum, erindi um kynferðislegt ofbeldi – viðbrögð, meiðsli handknattleiksmanna, áhugahvöt og skulbinding í íþróttum eru dæmi um það sem verið hefur á dagskrá hádegisfundanna. Fyrirlesarar hafa ýmist verið erlendir eða innlendir.

Auk hádegisfunda stóð ÍSÍ fyrir vinnustofu í íþróttamarkaðsfræði árið 2010 í samstarfi við Gísla Eyland íþróttamarkaðsfræðing. Vinnustofan var vel heppnuð og komust færri að en vildu.

### Íþróttasálfræðiráðstefna ÍSÍ og HR

Þann 30. júní 2010 komu níu af fremstu íþróttasálfræðingum Evrópu til landsins og tóku þátt í ráðstefnu um íþróttasálfræði og afreksíþróttir í samstarfi við ÍSÍ og Háskólann í Reykjavík. Rúmlega 80 manns sóttu ráðstefnuna.

Einkunnarorð ráðstefnunnar voru hagnýting. Þátttakendum gafst kostur á að auka færni sína í aðkomu að afreksíþróttamönnum. Efni ráðstefnunnar var mjög fjölbreytt og leitast var við að það ætti erindi við alla þá sem koma að afreksíþróttastarfi svo sem þjálfara, afreksíþróttamenn, sálfræðinga, sjúkrabjálfa, lækna, íþróttufræðinga, stjórnendur í íþróttahreyfingunni, dómara og fleiri.





Líf og fjör í upphitun fyrir Kvannahlaup ÍSÍ í Garðabæ 2010.

## Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ



Árið 1990 var kvannahlaupið haldið í fyrsta skipti og tóku þá 2.900 konur á öllum aldri frá átta stöðum á landinu þátt. Fjölmennasta hlaupið var í Garðabæ eða um 2.400 konur sem hlupu þaðan. Síðan hefur Kvannahlaupið vaxið og er nú útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi. Ár hvert taka um 16.000 konur á öllum aldri þátt á yfir 100 stöðum hérlendis og erlendis. Hefð hefur skapast fyrir

því að hafa kvannahlaupsbolinn í mismunandi litum á milli ára og árið 2008 var farið yfir í nýtt snið og efni sem kvannahlaupskonur tóku fagnandi. Samhliða hlaupinu er ákveðið þema til að vekja athygli á mál-efnum er tengjast konum. Hlaupið hefur verið undir slagorðum eins og „Hvert skref skiptir máli“, „Hreyfing er hjartans mál“ og „Heilbriggt hugurfar – hraustar konur“. Síðustu árin hefur Kvannahlaupsnefnd ÍSÍ verið

í samstarfi um þemað við Samhjálp kvenna, Beinvernd, Geðrækt, UNIFEM, Hjartavernd, Lýðheilsustöð, Krabbameinsfélagið, Kvenfélagasamband Íslands og nú í ár er ÍSÍ í samstarfi við Styrktarfélagið Líf. Stöðug þátttaka hefur verið í hlaupinu og vonumst við til þess að svo verði áfram. Kvannahlaup ÍSÍ fer fram óvenju snemma í ár eða laugardaginn 4. júní. Sérstakur styrkaraðili hlaupsins til margra ára er tryggingarfélagið Sjóvá.



Þátttakendur í Kvannahlaupi ÍSÍ á Suðureyri 2010.



Hlaupakona framtíðarinnar.

## Lífshlaupio

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands að sjá um framkvæmd á verkefni sem lið í stefnumótunavinnunni „Íþróttavæðum Ísland“. Markmið verkefnisins er að hvetja alla landsmenn til daglegrar hreyfingar.

Verkefnið sem fékk heitið „Lífshlaupio“ var ræst í fyrsta skiptið 4. mars 2008. Verkefnið er þrjúþætt þ.e. vinnustaðakeppni og hvatningarleikur fyrir grunnskóla sem fer fram ár hvert í þrjár vikur í febrúar og einstaklingskeppni sem er í gangi allt árið en þar gefst einstaklingum kostur á því að vinna sér inn brons-, silfur-, gull- og plátínumerki eftir að hafa náð ákveðið mörgum dögum í hreyfingu. Hægt er að vinna sér inn þessi merki á hverju Lífshlaups-

ári, en hvert Lífshlaupsár hefst samhliða vinnustaðakeppninni og hvatningarleik grunnskólanna og stendur þar til átakið hefst aftur að ári. Lífshlaupsárið 2010 – 2011 voru 338 sem unnu sér inn bronsmerkið, 242 silfurmerkið, 79 gullmerkið og 30 plátínumerkið. Þess ber að geta að til þess að vinna sér inn plátínumerkið þurfa einstaklingar að hreyfa sig í a.m.k. 30 mínútur daglega í 335 daga á einu ári.

Átaksverkefni Lífshlaupsins voru ræst í fjórða sinn 2. febrúar síðastliðinn og stóðu til 22. febrúar. Heildarfjöldi þátttakenda var 16.499 og skráðu 432 vinnustaðir 1.432 lið með 10.910 liðsmönnum og 40 grunnskólar 340 bekkir með 4.705 nemendum. Áhugavert er að skoða á Íslandskorti sem er inn á

vef Lífshlaupsins árangur þátttakenda eftir sveitarfélögum og voru þátttakendur í 66 af 76 sveitarfélögum. Samstarfsaðilar verkefnisins eru velferðarráðuneytið, mennta- og menningarmálaráðuneytið, Lýðheilsustöð, Skýrr, Rás 2 og Ávaxtabíllinn.



Liðið Footloose frá Norðurál sem tók þátt í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins 2011.

## ÍSí og Sjóvá hafa undirritað nýjan samstarfssamning um Sjóvá Kvannahlaup ÍSí

Líny Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí, Ingibjörg Bergrós Jóhannsdóttir formaður Kvannahlaupsnefndar ÍSí, Auður Daniélsdóttir framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvá og Ágústa B.

Bjarnadóttir mannauðsstjóri Sjóvá undirrituðu þriggja ára samning um Sjóvá Kvannahlaup ÍSí 8. febrúar 2011. Sjóvá hefur verið helsti styrktaraðili hlaupsins frá árinu 1993 eða í 18 ár.



Frá undirritun samningsins.

**Ísland  
á iði  
Hreyfa sig!**

## Ísland á iði

Ísland á iði er fræðslu- og hvatningarverkefni á landsvísu ætlað almenningi á öllum aldri. Gefnir hafa verið út fræðslubæklingar um stafgöngu, kraftgöngu, hjólreiðar, hlaup og sund. Í bæklingunum er að finna ráðleggningar um þjálfun, æfingaáætlanir, útbúnað og teygjur. Hægt er að nálgast bæklingana á heimasíðu ÍSí endurgjaldslaut.



Verðlaunahafar í Hjólað í vinnuna 2010



## Hjólað í vinnuna – vinsælt verkefni

Hjólað í vinnuna er vinnustaðakeppni þar sem starfsmenn, út um allt land, eru hvattir til að nýta eigin orku til að koma sér til og frá vinnu með því að hjóla, skokka, ganga, nota línuskauta eða taka strætó. Hjólað í vinnuna fór fyrst fram árið 2003 og hefur þátttakan aukist um tæplega

1.700% síðan þá. Árið 2010 tók 551 vinnustaður þátt með 1.347 lið og 9.451 þátttakanda. Alls voru hjólaðir 647.865 km þær þrjár vikur sem átakið stóð en með því spöruðust um 62 þúsund lítrar af eldsneyti, 124 tonn af útblæstri koltvísýrings og 10,4 milljónir í bensínkostnað.

Það má einnig áætla að 22 milljónir kaloría hafi þurft til að skila þátttakendum alla þessa leið en það samsvarar um 110 þúsund glösum af nýmjólk.

Hjólað í vinnuna hefst í níunda sinn miðvikudaginn 4. maí og stendur yfir í þrjár vikur eða til 24. maí.

## Göngum í skólann

Haustið 2007 var Ísland í fyrsta sinn aðili að alþjóðlega verkefninu „Göngum í skólann“. Verkefnið fer fram í yfir fjórtíu löndum. Meginmarkmið þess eru að hvetja til aukinnar hreyfingar og heilbrigðs lífsstíls og kenna reglur um öryggi á göngu og hjóli. Auk þess er markmiðið að draga úr umferð við skóla með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar. Verkefnið stendur í mánuð að hausti og nær hámarki sínu á alþjóðlega „Göngum í skólann“



deginum sem haldinn er í byrjun október ár hvert. Góð þátttaka var í „Göngum í skólann“ 2010 og tóku 52 grunnskólar um allt land þátt. Samstarfsaðilar ÍSÍ um „Göngum í

skólann“ eru Lýðheilsustöð, Ríkislögreglustjóri, Landssamtökin Heimili og skóli, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Umferðarstofa og Slysavarnafélagið - Landsbjörg.

## Alþjóðadagur hreyfingar 2010 – samgönguhjólreiðar

Árlega hvetur Alþjóðaheilbrigðis-  
málastofnunin (WHO) aðildar-  
þjóðir sínar til að halda alþjóðadag  
hreyfingar hátíðlegan. Tilgangur  
dagsins er að minna á lykilhlutverk  
daglegrar hreyfingar fyrir heilsu og  
vellíðan fólks á öllum aldri.  
Þema alþjóðadags hreyfingar á  
Íslandi árið 2010 var „samgöngu-  
hjárreiðar“ en ein einfaldasta leiðin  
til að auka hreyfingu í daglegu lífi er  
að hjóla eða ganga á milli áfanga-  
staða. Auk þess sem ferðatíminn er

nýttur til ókeypis heilsuræktar er  
hægt að spara útgjöld vegna einka-  
bílsins, draga úr umferðarþunga og  
stuðla að heilnæmara lofti.  
Í tilefni þess stóðu Lýðheilsustöð og  
ÍSí ásamt Hjólafærni á Íslandi fyrir  
fræðslufundum um samgöngu-  
hjárreiðar á höfuðborgarsvæðinu,  
á Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Þar  
var m.a. farið yfir ýmis hagnýt atriði  
sem auka ánægju og færni hjólandi  
vegfarenda í umferðinni.

## Líkamsæfingar fyrir fólk á besta aldri – endurútgáfa

Nefnd ÍSí um íþróttir 60+ stóð  
fyrir endurútgáfu á bæklingnum  
„Líkamsæfingar fyrir fólk á besta  
aldri“ haustið á árinu 2010, en  
bæklingurinn kom fyrst út árið 2002.  
Í bæklingnum eru sýndar fjölbreyttar  
æfingar sem henta vel og allir geta  
stundað daglega. Meðal æfinga eru  
ganga, æfingar í vatni, æfingar fyrir  
háls og herðar, bak og kvið, fætur  
og arma. Hver æfing er útskýrð  
með ljósmyndum. Fróðleikur um  
gildi líkamsræktar fyrir heilsuna er  
settur fram og sömuleiðis holl ráð  
um næringu, svefn, slökun, vernd  
gegn beinþynningu og fleira. Tveimur  
síðum var bætt við bæklinginn en  
á þeim er farið yfir hvernig stunda  
á staðgöngu annarsvegar og tækja-  
þjálfun hinsvegar. Prentuð voru  
3.000 eintök og hefur þeim flestum  
verið komið í dreifingu.



Mynd úr bæklingnum þar sem Ástbjörg  
Gunnarsdóttir sýnir eina tækjaæfingu.

## Nefnd um íþróttir 60+

Markmið nefndarinnar er að efla  
íþróttastarf eldri borgara, vinna  
að fræðslumálum málaflokksins  
og standa fyrir átaksverkefnum og  
viðburðum tengdum íþróttum fyrir  
aldursflokkinn 60+.  
Nefndin hefur staðið fyrir fjórum  
fræðslufundum, tveimur í Reykjavík,  
einum á Akureyri og núna síðast á  
Selfossi, þar sem erindi um hreyfingu

og heilbrigði voru flutt af virtum  
fræðimönnum. Þessir fundir voru  
mjög vel sóttir. Nefndin hefur einnig  
heimsótt aðstandendur félagsstarfs  
eldri borgara á Akranesi, Gjábakka  
í Kópavogi, Korpúlfa í Grafarvogi,  
Reykjanesbæ og á Selfossi og kynnt  
sér aðstæður og íþrótt- og félags-  
starf sem þar er í boði.



Frá fræðslufundi ÍSí um íþróttir aldraðra á Selfossi.

## Samstarf við Háskólann í Reykjavík

Almenningsíþróttasvið ÍSÍ er í samstarfi við Íþróttafraeðisvið Háskólans í Reykjavík. Nemendur fá kynningu

á helstu verkefnum sviðsins og fá kynningu á stafgöngu.



Hópur nemenda frá HR.

## Heilsuefning og forvarnir í framhaldsskólum

ÍSÍ á fulltrúa í faghópi um hreyfingu í framhaldsskólum sem er hluti af verkefninu Heilsuefningum framhaldsskólanna sem Lýðheilsustöð stendur fyrir. Í faghópnum sitja aðilar frá ÍKFÍ, ÍBÍ, Lýðheilsustöð, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Skólahreytti, HÍ, HR, Borgarholtsskóla og Flensborgarskóla.

Markmið verkefnisins er að stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda. Á hverju ári er tekið fyrir eitt af áhersluatriðum verkefnisins en þau eru: næring, hreyfing, geðrækt og lífstíll. Nú er unnið að gerð handbókar um hreyfingu.



LÝÐHEILSUSTÖÐ

[www.lydheilsustod.is](http://www.lydheilsustod.is)

## Stafganga

ÍSÍ hefur unnið að uppbyggingu íþróttarinnar síðan vorið 2003. Helstu verkefni stafgöngunefndar ÍSÍ er að halda leiðbeinendanámskeið ÍSÍ sem 147 leiðbeinendur hafa sótt. Námskeið hafa verið haldin árlega í Reykjavík, en hafa einnig farið fram á Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Reyðarfirði. Stafgöngudagurinn er haldinn árlega þar sem markmiðið er að kynna íþróttina og hvetja landann til þess að nota umhverfið og hreyfa sig úti. Stafgöngunefnd ÍSÍ hefur verið í samstarfi við Beinvernd og Hjartavernd í tengslum við stafgöngudaginn. ÍSÍ hefur staðið fyrir fjölmörgum kynningum á íþróttinni í samvinnu við fyrirtæki og félagsamtök.



Frá stafgöngukynningu á Selfossi í tengslum við fræðslufund ÍSÍ um íþróttir aldraðra.



## Vetrarólympíuleikar – Vancouver 2010

Þann 12. febrúar 2010 voru Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver settir. Setningarhátíð fór að þessu sinni fram innandyra í stórri íþróttahöll í miðbæ Vancouver. Ísland sendi fjóra keppendur til leiks að þessu sinni en lengi vel var óvíst um lokafjölda keppenda. Alþjóðaskíðasambandið tók upp nýtt kerfi við úthlutun sæta á leikana og því var ekki hægt að ganga út frá því að ákveðið sæti á heimslista veitti aðgang, eins og verið hafði áður. Allir íslensku keppendurnir komu frá Skíðasambandi Íslands og kepptu í alpagreinum. Framkvæmdastjórn ÍSí skipaði Andra Stefánsson, sviðsstjóra Afrekssviðs sem aðalfararstjóra en auk hans voru fjórir fylgdarmenn með hópnum, í hlutverki þjálfara, flokksstjóra og fagteymis.
